

TALIS 2018:

STARFSHÆTTIR OG VIÐHORF KENNARA
OG SKÓLASTJÓRA Á UNGLINGASTIGI GRUNNSKÓLA

Prentvinnsla:

LITRÓF - Umhverfivottuð Prentsmiðja

EFNISYFIRLIT:

I. Inngangur	9
Helstu viðfangsefni talis 2018	9
Hvað lærðum við af talis 2013?	9
Aðgát við túlkun.....	9
Viðbótarefni.....	10
Aðferð rannsóknarinnar.....	10
Þátttökulönd	10
Þakkir.....	11
II. Kennarar á unglíngastigi	12
Kafli 1: Almennar upplýsingar, aldur, kyn, menntun og starfsval kennara á unglíngastigi.....	12
Kafli 2: Núverandi starf: starfshlutfall, kennsluferill og helstu verkþættir	14
Kafli 3: Starfsþróun, nýliðþjálfun, leiðsögn	17
Kafli 4: Um kennsluna almennt, nýbreytni og trú á eigin getu.	22
Kafli 5: Kennsla í tilteknum kennsluhópi: helstu verkþættir, bekkjarstjórnun, námsmat.....	24
Kafli 6: Kennsla í fjölmenníngarumhverfi.....	26
Kafli 7: Skólabragur og starfsánægja	28
III. Skólastjórar á unglíngastigi	32
Kafli 8: Almennar upplýsingar um aldur, kyn, menntun og starfsreynslu	32
Kafli 9: Starfsþróun: þörf og hindranir.....	34
Kafli 10: Almennar upplýsingar um skólann	36
Kafli 11: Skólabragur	39
Kafli 12: Nýliðþjálfun og leiðsögn	41
Kafli 13: Kennsla í fjölmenníngarlegu umhverfi.....	44
IV. Samantekt:	
Nokkrar niðurstöður Talis 2018 á unglíngastigi kennara.....	47

TÖFLUSKRÁ:

Tafla 1: Menntun kennara á Íslandi, á Norðurlöndum, í OECD og TALIS löndum að meðaltali. Hlutfall (%) sem lokið hefur tilteknu menntunarstigi (ISCED-stigi).....	12
Tafla 2: Hlutfall (%) kennara á Íslandi, eftir kyni, sem fer tiltekna leiðir að því að afla sér kennsluréttinda.....	13
Tafla 3: Innihald menntunar kennara: Hlutfall (%) kennara á Íslandi og Norðurlöndum sem segir að tiltekin viðfangsefni hafi verið hluti af formlegri menntun þeirra. Hversu vel undirbúna töldu kennarar á Íslandi sig vera á þessum sviðum fyrir kennsluna?	13
Tafla 4: Áhrifaþættir á ákvörðun um að gerast kennari, á Íslandi og Norðurlöndum, í OECD og TALIS löndum að meðaltali. Hlutfall (%) kennara sem segja áhrif „talsverð“ eða „mikil“ á val þeirra á kennarastarfinu.....	14
Tafla 5: Hlutfall kennara (%) á Norðurlöndunum sem sagðist hafa langað helst til þess að gera kennarastarfið að framtíðarstarfi.....	14
Tafla 6: Hlutfall (%) kennara sem er í tilteknu starfshlutfalli í viðkomandi skóla og við kennslu samtals, á Íslandi og á Norðurlöndum.....	15
Tafla 7: Árafjöldi (meðaltal) í starfi í viðkomandi skóla, samanlagt í starfi sem kennari, í störfum tengdum menntun og uppeldi öðrum en kennslu og í öðrum störfum, ekki á sviði uppeldis og menntunar. Ísland og Norðurlönd að meðaltali.....	15
Tafla 8: Fjöldi klukkustunda í síðustu heilu viku sem varið var í verkefni sem tengdust starfinu í skólanum, á Íslandi og á Norðurlöndunum, í OECD og TALIS-löndum, og fjöldi klukkustunda sem varið var í kennslu.....	16
Tafla 9: Hversu mikill tími á viku fer í tiltekin verk í skólanum?. Meðalfjöldi klukkustunda á viku á Íslandi, á Norðurlöndunum, í OECD og TALIS-löndum.....	16
Tafla 10: Þátttaka kennara (%) í nýliðabjálfun, formlegri og óformlegri, á Íslandi og á Norðurlöndum.....	17
Tafla 11: Fyrirkomulag við nýliðabjálfun: Hlutfall (%) kennara á Íslandi og á Norðurlöndunum sem segir að tilteknu fyrirkomulagi hafi verið beitt.....	17
Tafla 12: Hlutfall (%) kennara á Íslandi og á Norðurlöndunum sem veitir og/eða nýtur leiðsagnar um þessar mundir í skólanum	17
Tafla 13: Hlutfall (%) kennara sem tók þátt í tilteknum starfsþróunarverkefnum á síðastliðnum 12 mánuðum, á Íslandi og Norðurlöndum, í OECD og TALIS-löndum að meðaltali.....	18
Tafla 14: Hlutfall (%) kennara sem tók þátt í starfsþróunarverkefnum á tilteknum sviðum á síðastliðnum 12 mánuðum á Íslandi og á Norðurlöndum, í OECD og TALIS-löndum.....	18
Tafla 15: Stuðningur vegna starfsþróunar. Hlutfall (%) kennara sem segist hafa fengið stuðning af tilteknu tagi vegna starfsþróunar á Íslandi og á Norðurlöndunum.....	19
Tafla 16: Hlutfall kennara (%) sem taldi eftirfarandi einkenna það starfsþróunarverkefni sem hafði mest jákvæð áhrif á kennslu þeirra. Ísland, Norðurlönd, OECD og TALIS-löndin.....	20
Tafla 17: Þörf kennara fyrir starfsþróun. Hlutfall (%) kennara sem taldi sig hafa mikla þörf fyrir starfsþróun á tilteknum sviðum á Íslandi og á Norðurlöndum, í OECD og TALIS-löndum.....	20
Tafla 18: Hindranir á vegi frekari starfsþróunar kennara. Hlutfall (%) kennara sem er sammála eða mjög sammála fullyrðingunum. Ísland, Norðurlönd, OECD og TALIS-löndin.....	21
Tafla 19: Hversu opnir eru aðrir kennarar fyrir breytingum og nýjum hugmyndum, að mati þátttakanda? Hlutfall (%) kennara sem er sammála eða mjög sammála fullyrðingunum, á Íslandi og Norðurlöndum, í OECD og TALIS-löndum.....	22
Tafla 20: Trú á eigin getu: Mat kennara á því að hve miklu leyti þeir telji sig geta gert tiltekin atriði í kennslu. Hlutfall kennara sem er sammála fullyrðingunum að þó nokkru leyti eða að miklu leyti. Í fyrsta dálki er einnig meðaltal Íslands á fullyrðingunum á 1-4 kvarða.....	23

Tafla 21: Fjöldi nemenda í tilteknum bekk/kennsluhópi, þ.e. fyrsta hópnum sem viðkomandi kenndi á unglingsstigi eftir klukkan 11 síðasta þriðjudag fyrir fyrirlögn spurningalistans.	24
Tafla 22: Hlutfall tíma (%) sem fer í hvert verk: Stjórnun, að halda aga og eiginlega kennslu. Ísland og Norðurlönd.	24
Tafla 23: Bekkjarstjórnun: Hlutfall kennara sem er sammála eða mjög sammála fullyrðingum um bekkjarstjórnun, á Íslandi og á Norðurlöndum.	25
Tafla 24: Kennsluhættir í tilteknum bekk/kennsluhópi. Hlutfall (%) kennara sem gera eftirfarandi oft eða alltaf, á Íslandi og Norðurlöndum, í OECD og TALIS-löndum.	25
Tafla 25: Námsmatsaðferðir í tilteknum bekk/kennsluhópi á Íslandi og Norðurlöndum, í OECD og TALIS-löndum að meðaltali. Hlutfall (%) kennara sem notar tiltekna aðferðir.	26
Tafla 26: Hlutfall (%) kennara sem segist hafa kennt nemendum með ólíkan menningarbakgrunn á Íslandi og á Norðurlöndum að meðaltali.	27
Tafla 27: Hlutfall (%) kennara sem segir að í skólanum séu nemendur með ólíkan menningarlegan bakgrunn eða af mismunandi þjóðerni á Íslandi og öðrum Norðurlöndum.	27
Tafla 28: Að hvaða marki telur kennari sig hafa vald á eftirfarandi atriðum í kennslu nemenda með ólíkan menningarbakgrunn? Hlutfall (%) kennara sem telur sig hafa vald á slíku að þó nokkru leyti eða að mjög miklu leyti.	27
Tafla 29: Hlutfall (%) kennara sem telur að gripið sé til eftirfarandi úrræða til þess að bregðast við fjölbreytileika nemenda á Íslandi og Norðurlöndum.	28
Tafla 30: Viðhorf kennara til ýmissa spurninga varðandi samkomulag kennara og viðmót þeirra gagnvart nemendum. Hlutfall (%) kennara sem er sammála eða mjög sammála tilteknum fullyrðingum.	28
Tafla 31: Starfsánægja kennara: Hlutfall (%) kennara sem er sammála eða mjög sammála ýmsum fullyrðingum sem lýsa viðhorfi til starfsins, á Íslandi og á Norðurlöndum, í OECD og TALIS-löndum að meðaltali.	28
Tafla 32: Viðhorf til launa og sýn á kennarastarfið í þjóðfélaginu. Hlutfall (%) kennara sem er sammála eða mjög sammála fullyrðingunum, á Íslandi og á Norðurlöndum.	29
Tafla 33: Mat kennara á því hvað rétt væri að setja í forgang ef unnt yrði að auka ráðstöfunarfé til menntunar á unglingsstigi um 5%. Hlutfall (%) kennara sem telur tiltekið atriði mjög mikilvægt á Íslandi, Norðurlöndum, í OECD og TALIS-löndum að meðaltali.	30
Tafla 34: Hlutfall (%) kennara sem hefur einhvern tíma farið til útlanda vegna starfsins sem kennari eða í kennaranáminu í ýmsu samhengi, á Íslandi og Norðurlöndum.	30
Tafla 35: Hlutfall (%) kennara sem farið hafa til útlanda vegna starfsins í tilteknum erindagjörðum. Ísland og Norðurlöndin.	31
Tafla 36: Hversu löng var dvölin í útlöndum vegna starfsins? Hlutfall (%) kennara sem velur tiltekna tímalengd, á Íslandi og Norðurlöndum.	31
Tafla 37: Hlutfall kvenskólustjóra á Íslandi og á öðrum Norðurlöndum.	32
Tafla 38: Menntun skólustjóra á Íslandi, á Norðurlöndum, í OECD og TALIS löndum að meðaltali. Hlutfall (%) sem lokið hefur tilteknu menntunarstigi (ISCED-stigi).	32
Tafla 39: Starfstími (ár) skólustjóra í þessum skóla, í starfi sem skólustjóri í þessum skóla og alls, í öðrum þáttum skólustjórnunar, sem kennari og við önnur störf. Samanburður við Norðurlönd.	33
Tafla 40: Hlutfall (%) skólustjóra með tiltekið starfshlutfall með og án og kennsluskyldu á Íslandi og Norðurlöndum.	33
Tafla 41: Nám skólustjóra á sviði skólustjórnunar, kennslu og kennslufræðilegrar forystu. Hlutfall (%) skólustjóra sem hlotið hefur menntun á tilteknum sviðum fyrir, á eftir, bæði fyrir og eftir að þeir hófu störf sem skólustjórar, eða hefur ekki hlotið slíka menntun. Ísland og Norðurlönd.	33
Tafla 42: Hlutfall (%) skólustjóra sem hefur, á síðastliðnum 12 mánuðum, tekið þátt í tilteknum starfsþróunarverkefnum sem voru ætluð henni eða honum sem skólustjóra. Ísland, Norðurlönd, OECD og TALIS-löndin.	34

Tafla 43: Þörf skólastjóra fyrir starfsþróun á tilteknum sviðum á Íslandi, á Norðurlöndum, í OECD og TALIS-þátttökulöndum. Hlutfall (%) skólastjóra sem telur sig hafa mikla þörf fyrir starfsþróun á tilteknum sviðum.	35
Tafla 44: Mögulegar hindranir á vegi skólastjóra til frekari starfsþróunar, að mati skólastjóra á Íslandi 2018 og 2013, á Norðurlöndum, í OECD og TALIS löndum. Hlutfall (%) skólastjóra sem er sammála eða mjög sammála því að nefnd atriði gætu hindrað starfsþróun.	35
Tafla 45: Meðalfjöldi einstaklinga sem vinnur tiltekin störf í skólanum, Ísland og Norðurlönd.	36
Tafla 46: Meðalfjöldi nemenda í öllum bekkjum/aldurshópum í skólum sem kenna á unglíngastigi á Íslandi og Norðurlöndum.	37
Tafla 47: Hlutfall skólastjóra (%) sem telur tiltekið hlutfall nemenda á unglíngastigi vera með annað móðurmál, sérþarfir eða vera frá efnahagslega- eða félagslega illa stöddum heimilum.	37
Tafla 48: Hlutfall tímans í starfi skólastjóra sem fer í tiltekin verk að meðaltali yfir skólaárið, á Íslandi og á Norðurlöndum.	38
Tafla 49: Mat skólastjóra á sveigjanleika skólans varðandi nýjungar og viðbrögð við breyttum aðstæðum. Hlutfall (%) skólastjóra sem er sammála eða mjög sammála hverri fullyrðingu.	39
Tafla 50: Hlutfall (%) skólastjóra sem telur að tiltekin atriði geti komið í veg fyrir að skólinn veiti vandaða fræðslu. Ísland, Norðurlönd, OECD og TALIS-löndin.	39
Tafla 51: Hegðun nemenda í skólanum. Hlutfall (%) skólastjóra sem telur að tiltekin atriði eigi sér stað a.m.k. vikulega í skólanum. Samanburður við Norðurlönd, OECD og TALIS-lönd.	40
Tafla 52: Hlutfall (%) skólastjóra í hverju landi sem segir að nýliðar fái formlega nýliðþjálfun og/eða óformlega tilsögn og aðstoð. Ísland og Norðurlönd.	41
Tafla 53: Hlutfall (%) skólastjóra sem sagði að a) allir nýir kennarar við skólann fengju nýliðþjálfun og b) aðeins kennarar sem eru að hefja sinn kennsluferil fengju nýliðþjálfun. Ísland og Norðurlönd.	41
Tafla 54: Inntak nýliðþjálfunar á Íslandi og Norðurlöndunum. Hlutfall (%) skólastjóra sem segja tiltekin atriði vera hluta af nýliðþjálfun við skólann.	42
Tafla 55: Aðgangur kennara (%) að leiðsögn af tilteknu tagi, að mati skólastjóra. Ísland og Norðurlönd.	43
Tafla 56: Hlutfall (%) skólastjóra sem segir aðalnámsgreinar leiðbeinandans vera þær sömu og kennarans sem nýtur leiðsagnarinnar, á Íslandi og á Norðurlöndum.	43
Tafla 57: Mikilvægi tiltekinna markmiða leiðsagnar á Íslandi í samanburði við Norðurlöndin. Hlutfall (%) skólastjóra sem segir tiltekið markmið leiðsagnar mjög mikilvægt.	43
Tafla 58: Hlutfall (%) skólastjóra sem segir að tiltekinni stefnu og starfsháttum sé fylgt varðandi fjölbreytileika nemenda. Ísland, Norðurlönd, OECD og TALIS-löndin.	44
Tafla 59: Hlutfall (%) skólastjóra sem segir að skýrum reglum og starfsháttum sé fylgt gegn kynjamismunun og mismunun gagnvart fólki af ólíkri þjóðfélagsstöðu. Ísland, Norðurlönd, OECD og TALIS-lönd.	45
Tafla 60: Hlutfall (%) skólastjóra sem telur að allir eða nánast allir kennarar við skólann yrðu sammála fullyrðingum um mikilvægi þess að nemendur séu móttækilegir fyrir ýmsum atriðum varðandi fólk af ólíkum uppruna og menningarheimum.	45
Tafla 61: Hlutfall (%) skólastjóra sem telur að margir, allir eða nánast allir kennarar við skólann myndu vera sammála eftirfarandi fullyrðingum varðandi mismunun.	46

I. INNGANGUR

TALIS rannsóknin (Teaching and Learning International Survey) fór fram í þriðja sinn í fyrra, 2018, en áður hafði verið lagt fyrir árin 2008 og 2013. Rannsóknin er á vegum Efnahags- og framfarastofnunar (OECD) og er beint til kennara og skólastjórnenda í þátttökulöndum sem flest eru Evrópulönd. Meðal samstarfsaðila OECD að rannsókninni eru IEA Hamburg og Statistics Canada, auk Evrópusambandsins sem tekur þátt í kostnaði við rannsóknina.

HELSTU VIÐFANGSEFNI TALIS 2018

Í TALIS rannsókninni er leitast við að svara eftirfarandi spurningum meðal annarra:

- Hversu vel í stakk búnir eru kennarar til þess að takast á við áskoranir skólakerfisins?
- Getur mat og endurgjöf stuðlað að bættum kennsluháttum og þróun í starfi?
- Hvernig má styrkja stjórnendur skólanna til þess að bæta skólastarf og árangur nemenda?
- Hvernig geta framlög til starfsþróunar haft jákvæð áhrif á starf kennara?

Meðal markmiða rannsóknarinnar er að safna sambærilegum gögnum um menntakerfi þátttökulanda um námsumhverfi og starfsaðstæður í skólum á unglíngastigi. Gagnanna er aflað frá þeim sem þar vinna, þ.e. kennurunum og skólastjórnunum, og nýtast m.a. við stefnumótun.

Í spurningalistunum er m.a. spurt um eftirfarandi þætti:

Aldur, kyn, menntunarstig og innihald menntunar, starfshlutfall, starfsreynsla, kennslugrein(ar), samsetningu kennsluhóps, helstu verkþætti (t.d. stjórnun, hópvinna, einkunnagjöf), starfsþróun (þátttaka, svið, gagnsemi, þörf og hindranir), nýliðaþjálfun og leiðsögn, endurgjöf, námsmat, kennsluhætti, bekkjarstjórnun, skólabrag og starfsánægju, kennslu í fjölmenningsumhverfi, ferðalög í tengslum við kennarastarfið, skólaforystu.

Með þessari skýrslu er ætlunin að gefa yfirlit yfir helstu niðurstöður varðandi Ísland í samanburði við Norðurlönd, OECD og TALIS-lönd sem heild. Um er að ræða lýsandi tölfræði á um 2/3 hlutum spurninganna sem er að finna í TALIS spurningalistanum. Síðari efnishlutar rannsóknarinnar verða birtir á næsta ári, þegar OECD birtir síðara bindi úrvinnslunnar. Á næstu mánuðum mun fara fram nánari úrvinnsla á þessum gögnum og gögnin nýtt til þess að varpa ljósi á ýmis viðfangsefni og álitamál í umræðu um skólamál hér á landi.

Lesendum er einnig bent á að fylgjast með útgáfum frá OECD á næstunni en þar fara fram að staðaldri ýmsar úrvinnslur á alþjóðlegu gögnunum.

HVAÐ LÆRÐUM VIÐ AF TALIS 2013?

Meðal niðurstaðna TALIS 2013 er eftirfarandi, skv. yfirliti OECD um TALIS rannsóknina:

- Kennarar sem taka þátt í starfsþróun hafa meiri trú á að starf þeirra skili árangri.
- Kennarar sem hafa afgerandi trú á tilteknum kennsluáferðum taka þátt í meiri samvinnu kennara, eiga jákvæðari samskipti við nemendur og finnst þeir ná betri árangri í starfi.
- Kennarar sem segja að þeir fái tækifæri til þess að taka þátt í ákvörðunum um starfsemi skólans finna fyrir meiri starfsánægju og oftast einnig meiri trú á eigin getu til þess að ná árangri í starfi.
- Í fáeinum löndum virðist bekkjarstærð hafa áhrif á trú á eigin getu og starfsánægju en þau áhrif eru mjög lítil.
- Samband kennara við skólastjóra og aðra kennara, eða við nemendur í skólanum, skipta máli. Jákvæð samskipti geta vegið upp neikvæð áhrif þess að vinna með erfiða bekki, sem ella hefðu neikvæð áhrif á trú á eigin getu og starfsánægju.

AÐGÁT VIÐ TÚLKUN

Rétt er að minna á að spurningalistakannanir af því tagi sem hér eru notaðar til grundvallar eru ýmsum takmörkunum háðar, m.a. þeim að þær endurspeglu upplifun svarenda á aðstæðum sínum og vel má vera að einhvers misræmis gæti á milli þess sem TALIS gefur til kynna og annarra tegunda upplýsinga um skólakerfið. Ber það allt að skoðast í samhengi. Einnig er rétt að taka fram að ekki er hægt að draga ályktanir um orsök og afleiðingu á grundvelli gagna í þversniðsrannsókn af þessu tagi. Við samanburð á einstökum löndum þarf einnig að hafa í huga menningarlegan mismun við túlkun á einstökum spurningum og mismunandi hefðir um hvernig slíkum listum er svarað.

VIÐBÓTAREFNI

Á vef Efnahags- og framfarastofnunar (OECD) má finna ýmsar upplýsingar um TALIS, framkvæmd og niðurstöður fyrir ára. www.oecd.org/TALIS

Þar hafa verið birtar skýrslur með niðurstöðum, samanburði milli þátttökulanda, sérstök rit helguð ákveðnum málefnum sem TALIS hefur varpað ljósi á o.fl.

Hér eru meðal annars svör við ýmsum algengum spurningum (á ensku).

<http://www.oecd.org/education/school/talisfaq.htm>

AÐFERÐ RANNSÓKNARINNAR

Eins og verið hefur, þá er úrtak í hverju þátttökulandi að jafnaði 200 skólar og 20 kennarar í hverjum skóla. Með því móti fást allt að 4000 svör kennara og 200 skólastjóra. Á Íslandi eru skólar á unglíngastigi innan við 200 talsins og því var sóst eftir þátttöku þeirra allra. Af þessum ástæðum er leitað til sömu skólanna í hverri fyrirögn. Rannsóknin er lögð fyrir á fimm ára fresti og því hafa kennarar og skólastjórar sem starfað hafa lengur en fimm ár verið oftar en einu sinni í úrtakinu.

Kröfur um þátttökuhlutfall eru mjög strangar í TALIS. Gert er ráð fyrir að 75% kennara og 75% skólastjóra í úrtaki taki þátt í rannsókninni. Flestar þjóðir náðu því marki og var Ísland þar á meðal. Eins og nærri má geta þarf góðan samstarfsvilja og talsverða eftirfylgni til þess að þetta þátttökuhlutfall náist. Með góðu samstarfi við kennara og skólastjóra, félög kennara og skólastjóra, og aðstoð ráðuneytis og sveitarfélaga m.a. náðist þetta markmið. Með rannsókninni fást upplýsingar um skólakerfið frá fyrstu hendi.

Spurningalistarnir eru tvennskonar, einn fyrir kennara, annar fyrir skólastjóra. Efnisþættir eru þó mjög svipaðir. Það tekur um 45 til 60 mínútur að svara kennaralistanum og 30 til 45 mínútur að svara skólastjórastilanum. Spurningalistarnir voru þýddir og forprófaðir um vorið 2017.

Framkvæmdinni í hverju landi er þannig háttað að verkefnisstjóri fær lista yfir kennara á viðkomandi skólastigi (unglíngastigi) frá hverjum skóla og útbýr notandanafn og lykilorð fyrir hvern þátttakanda. Tengiliður skólans fær svo send lykilorðin í lokuðu umslagi og kemur í hendur þátttakanda.

Spurningalistanum er svo svarað rafrænt. Unnt er að svara spurningalistanum í mörgum lotum, ef því er að skipta, skrá sig inn og út af listanum, þar til viðkomandi skráir að þátttöku sé lokið. Þá læsist aðgangur að spurningalistanum. Gagnaúrvinnsla fer fram á vegum IEA Hamburg í samvinnu við OECD og þátttökulönd.

Svör einstakra kennara og skólastjóra eru trúnaðarmál. Meðaltöl skóla eða sveitarfélaga verða ekki kynnt, aðeins landsins í heild eða stærri eininga (t.d. kjördæma, höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar o.s.frv.). Nánari greining, t.d. eftir skólum eða sveitarfélögum, er ekki birt til þess að tryggja nafnleynd þátttakenda. Gagnasöfnun af þessu tagi nýtist ekki síst í alþjóðlegum samanburði og margvíslegum úrvinnslum með almenna skírskotun.

Athugið að þegar fjallað er um kennara í skýrslunni er átt við kennara á unglíngastigi.

ÞÁTTTÖKULÖND

Árið 2008, þegar TALIS var fyrst lagt fyrir, tóku 24 lönd (eða einstök landssvæði innan þeirra) þátt í rannsókninni. Þeim fjölgaði í 34 í fyrirögninni 2013 og voru orðin 48 (þar af 18 utan OECD) árið 2018 þegar síðasta fyrirögn fór fram. Ísland hefur tekið þátt öll árin. Þátttökuríkin árið 2018 má sjá hér á eftir. Í þeim tilfellum þegar gagnaöflunin takmarkast við einstök landssvæði innan ríkjanna eru landssvæðin tilgreind innan sviga.

ÞÁTTTÖKULÖND Í TALIS 2018

Lönd utan OECD, 18 talsins, eru auðkennd með stjörnu (*).

Argentína* (Buenos Aires), Ástralía, Austurríki, Bandaríkin, Belgía (Flæmingjaland), Brasilía*, Bretland (England), Búlgaría*, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Georgía*, Holland, Ísland, Ísrael, Ítalía, Japan, Kanada (Alberta), Kasakstan*, Kína* (Sjanghæ), Kolumbía*, Kórea, Króatía*, Kýpur*, Lettland, Litháen, Malta*, Mexíkó, Noregur, Nýja-Sjáland, Portúgal, Rúmenía*, Rússland*, Sameinuðu arabísku furstadæmin*, Sádí-Arabía*, Singapúr*, Síle, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Suður-Afríka*, Svíþjóð, Tékkland, Tyrkland, Tævan*, Ungverjaland, Víetnam*.

Í öllum þáttökulöndum var lagt fyrir kennara og skólastjóra á unglíngastígi en þáttökulönd gátu líka valið að leggja spurningalistann fyrir á öðrum námsstigum leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Ísland tók nú einnig þátt á leikskólastígi og verða niðurstöður þess námsstígs kynntar í haust. Í fyrstu fyrirliðgninni (2008) var lagt fyrir á yngsta og miðstígi (auk unglíngastígs) hér á landi og árið 2013 var lagt fyrir á unglíngastígi og framhaldsskólastígi. Með þessari þriðju lotu má því segja að fengin hafi verið mynd af öllu skólakerfinu upp að háskólastígi.

ÞAKKIR

Sérstakar þakkir viljum við færa kennurum og skólastjórum fyrir þátttökuna, Kennarasambandi Íslands og samtökum innan þess, stjórnendum og starfsmönnum Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands fyrir stuðning og aðstoð við gerð spurningalista og gagnaöflun. Einnig þökkum við gott samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fjármagnar rannsóknina. Sigurjón Mýrdal sat í stjórn rannsóknarinnar (Board of Participating countries) fyrir þess hönd um árabíl en við því hlutverki tekur nú Sonja Dögg Pálsdóttir. Menntamálastofnun hefur séð um framkvæmd rannsóknarinnar hér á landi. Verkefnisstjóri er Ragnar F. Ólafsson.

II. KENningar Á UNGLINGASTIGI

Lagður var fyrir kennara á unglíngastigi spurningalisti, 31 bls. að lengd, þar sem kennarar voru beðnir um að greina frá ýmsum atriðum varðandi kennarastarfið, ásamt bakgrunnsupplýsingum. M.a. var spurt um kennaramenntunina, hvað fólst í henni, hvers vegna kennarastarfið vakti áhuga, starfsþróun og nýliðabjálfun, þörf á starfsþróun og hvaða þættir mögulega torvelda starfsþróun. Spurt er um trú kennarans á eigin getu til þess að sinna ólíkum þáttum kennslunnar, aðferðir við kennsluna, bekkjarstjórnun, námsmat o.fl. Spurt er um kennslu í fjölmenníngarlegum kennsluhópi, starfsánægju, hvað kennarar teldu helst að þyrfti að bæta o.fl.

KAFLI 1:

ALMENNAR UPPLÝSINGAR, ALDUR, KYN, MENNTUN OG STARFSVAL KENningar Á UNGLINGASTIGI

KYN

Kynjaskipting kennara á unglíngastigi var þessi: Konur: 73,3%; karlar: 26,7%. Hlutfall kvenkennara á unglíngastigi hefur aukist frá fyrstu fyrirlögn TALIS, árið 2008 en þá var hlutfall kvenna á unglíngastigi 69%.

Hlutfall kvenkennara er hér hæst á Norðurlöndum en að meðaltali eru konur þar 66,6% á unglíngastigi.

ALDUR

Meðalaldur kennara á unglíngastigi er þessi, eftir kyni: Konur: 46,5 ár; karlar: 45,5 ár. Kennarar eru lítið eitt eldri nú en þeir voru 2013 en þá var meðalaldur kvenkennara 44,7 ár en karla 43,8 ár. Hlutfall kennara yngri en 30 ára var 13,4% 2008 en er 4,7% í TALIS 2018. Að sama skapi er hlutfall kennara eldri en 50 ára 37,8% 2018 en var rúm 29% árið 2008.

Meðalaldur á Norðurlöndunum er um einu ári lægri en á Íslandi: Konur: 45,2 ár; karlar 44,7 ár.

MENNTUN

Tafla 1: Menntun kennara á Íslandi, á Norðurlöndum, í OECD og TALIS löndum að meðaltali. Hlutfall (%) sem lokið hefur tilteknu menntunarstigi (ISCED-stigi).

Menntunarstig	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Lægra en ISCED 5	5,9	4,0	1,9	2,2
ISCED 5	4,0	2,3	3,3	5,1
ISCED 6	63,8	48,2	49,3	50,9
ISCED 7	26,2	44,9	44,3	40,7
ISCED 8	0,2	0,7	1,3	1,2

ISCED 5 eða lægra = t.d. Kennarapróf, ekki á háskólastigi, sveinspróf, iðneistarapróf, listnám, ekki á háskólastigi, verk- list-, tækni- eða starfsgreinamiðað háskólanám að hámarki um 2 ár, með eða án kennsluréttinda.

ISCED 6 = t.d. B.Ed., B.A., B.Sc. með eða án kennsluréttinda.

ISCED 7 = t.d. M.Ed., M.A, M.Sc. með eða án kennsluréttinda.

ISCED 8 = Doktorspróf.

Flestir kennarar unglíngastigs hér á landi hafa lokið námi á ISCED-stigi 6 (bakkalárgráðu á sviði menntunar eða öðrum greinum) eða tæpir 2/3 hlutar en ríflega fjórðungur námi á ISCED-stigi 7 (meistaránámi). Á Norðurlöndum og víðast hvar annars staðar er herra hlutfall á ISCED 7 stigi.

ÓLÍKAR LEIÐIR AÐ KENningarSTARFINU

Í spurningalistanum er einnig spurt hvaða leið kennarar fóru að því að fá kennararéttindin, t.d. hvort þeir hafi farið í hefðbundið kennaranám, tekið kennsluréttindi eftir nám í faggrein eða annað. Í ljós kemur að 66,4% kennara hér á landi fóru í hefðbundið kennaranám. Í Finnlandi er þetta hlutfall 89,3%. Um fimmtungur kennara á Íslandi (20,2%) tók kennsluréttindi eftir nám í faggrein. Um 6,2% hafa menntun í faggrein eingöngu (án kennararéttinda), 1,8% hlaut menntun í annarri starfsgrein á sviði uppeldismála og 3,6% hafa hvorki menntun í faggreininni sem þeir kenna né menntun á sviði kennslufræði. Í Finnlandi er þetta hlutfall um 4%. Um 1,8 % kennara á Íslandi fóru svo aðra leið til þess að afla sér kennsluréttinda.

Áhugavert er að sjá hversu leiðirnar eru ólíkar eftir kyni.

Tafla 2: Hlutfall (%) kennara á Íslandi, eftir kyni, sem fer tiltekna leiðir að því að afla sér kennsluréttinda.

Hvernig fékkst þú upphaflega kennsluréttindin?	Allir	Konur	Karlar
Fór í hefðbundið kennaranám	66,4	69,6	57,7
Tók kennsluréttindi eftir nám í faggrein	20,2	18,0	26,1
Menntaði mig í annarri starfsgrein á sviði uppeldismála	1,8	1,8	1,9
Menntaði mig í faggrein eingöngu	6,2	5,0	9,6
Ég hef hvorki menntun í faggrein sem ég kenni né menntun á sviði kennslufræði	3,6	3,4	4,1
Fór aðra leið	1,8	2,2	0,6

Um 12 prósentustigum fleiri konur en karlar fóru í hefðbundið kennaranám. Þetta er þó algengasta leiðin hjá báðum kynjum. Ríflega fjórðungur karla tók kennsluréttindi eftir nám í faggrein og er hlutfall þeirra um 8 prósentustigum hærra en hjá konum. Einnig eru tæplega helmingi fleiri karlar en konur menntaðir í faggrein eingöngu.

INNIHALD MENNTUNAR

Spurt var um innihald menntunar kennaranna, þ.e. hvort í námi þeirra hefði verið fjallað um tiltekin 12 atriði, sem reynir á í kennslunni. Spurt var hvort viðfangsefni hefðu verið hluti af námi þeirra og hversu vel undirbúin þeim fyndist þeir vera á þessum sviðum fyrir kennsluna.

Tafla 3: Innihald menntunar kennara: Hlutfall (%) kennara á Íslandi og Norðurlöndum sem segir að tiltekin viðfangsefni hafi verið hluti af formlegri menntun þeirra. Hversu vel undirbúna töldu kennarar á Íslandi sig vera á þessum sviðum fyrir kennsluna?

Viðfangsefni í formlegri menntun:	Hversu vel undirbúin á þessum sviðum?	Já, þetta atriði var hluti af náminu	
	1=allt ekki 4=mjög vel	Ísland	Norður- lönd
Innihald allra eða sumra þeirra faggreina sem ég kenni	2,7	80,9	92,0
Kennslufræði allra eða sumra greina sem ég kenni	2,6	79,8	90,6
Almenn kennslufræði	2,8	94,7	96,3
Kennsluhættir í öllum eða hluta þeirra greina sem ég kenni	2,5	78,7	87,0
Kennsla við aðstæður þar sem geta innan hópsins er mismunandi	2,0	54,9	65,5
Kennsla í fjölmenningslegu umhverfi eða fjöltyngdum nemendahópi	1,6	27,1	32,6
Kennsla í þverfaglegri hæfni (t.d. sköpun, gagnrýninni hugsun, lausnaleit)	2,2	64,8	59,2
Notkun upplýsingatækni og samskiptatækni í kennslu	1,9	46,1	46,2
Hegðun nemenda og bekkjarstjórnun	2,1	57,8	67,3
Að fylgjast með námi og þroska nemenda	2,2	65,8	67,4
Auðvelda flutning nemenda milli leik- og grunnskólastigs	1,4	10,5	10,4*
Auðvelda leik barnanna	1,9	40,4	43,0**

*Ísland og Finnland svöruðu þessari spurningu, ekki önnur Norðurlönd

**Ísland, Finnland og Svíþjóð svöruðu þessari spurningu, ekki önnur Norðurlönd

Í samanburði við Norðurlöndin eru þættirnir 12 yfirleitt sjaldnar hluti af námi kennara á Íslandi, ef munur kemur fram á annað borð. Þetta á við um innihald og kennslufræði þeirra greina sem viðkomandi kennir, kennsluhætti almennt og kennslu þegar geta innan nemendahópsins er mismunandi. Einnig hafa færri hér á landi fengið kennslu um hegðun nemenda og bekkjarstjórnun, í samanburði við Norðurlöndin.

Hærra hlutfall kennara á Íslandi hefur fengið kennslu í þverfaglegri hæfni (t.d. sköpun, gagnrýninni hugsun, lausnaleit) í samanburði við Norðurlöndin.

Best telja kennarar á Íslandi sig undirbúna varðandi almenna kennslufræði og innihald, kennslufræði greinanna sem þeir kenna. Þarna telja kennarar sig næst því að vera „vel“ undirbúnir (milli „nokkuð“ og „vel“ undirbúnir). Kennarar á Íslandi telja sig hins vegar aðeins „nokkuð“ vel undirbúna til þess að kenna við aðstæður þar sem geta innan hópsins er mismunandi – og varðandi hegðun nemenda og bekkjarstjórnun og varðandi notkun upplýsingatækni og samskiptatækni í kennslu.

Undirbúningur varðandi kennslu í fjölmenningslegu umhverfi eða fjöltyngdum nemendahópi nær því ekki að vera „nokkuð“ góður að meðaltali, að mati kennaranna sjálfra.

HVAÐ RÆÐUR VALI Á KENRARASTARFINU?

Tafla 4: Áhrifaþættir á ákvörðun um að gerast kennari, á Íslandi og Norðurlöndum, í OECD og TALIS löndum að meðaltali. Hlutfall (%) kennara sem segja áhrif „talsverð“ eða „mikil“ á val þeirra á kennarastarfinu.

	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Kennsla bauð upp á samfelldan starfsferil.	29,2	47,3	61,1	67,5
Kennsla bauð upp á tryggja afkomu.	36,0	56,9	67,2	70,5
Kennsla bauð upp á starfsöryggi.	60,5	63,5	70,6	74,3
Hægt var að samræma vinnutilhögunina (t.d. vinnutíma, frí, möguleika á hlutastarfi) við þarfir og skyldur einkalífsins.	69,7	65,2	65,6	70,0
Kennsla gerði mér kleift að hafa áhrif á þroskaferli barna og ungmenna.	78,7	87,6	92,3	93,2
Með kennslu gat ég gagnast þeim sem stóðu illa félagslega.	57,4	64,0	74,7	78,2
Í kennarastarfinu fólust tækifæri til þess að gera gagn í samfélaginu.	80,2	77,5	88,2	90,4

Tækifæri til þess að gera gagn í samfélaginu og hafa áhrif á þroskaferli barna og ungmenna höfðu mest áhrif á íslenska kennara við ákvörðun þeirra um að verða kennari. Einnig að hægt var að samræma vinnutilhögunina við þarfir og skyldur einkalífsins – og starfið bauð upp á starfsöryggi. Lítil áhrif höfðu þar einkenni starfsins, að bjóða upp á samfelldan starfsferil eða að starfið byði upp á tryggja afkomu. Þau atriði höfðu meiri áhrif í OECD og TALIS löndum að meðaltali.

Norðurlönd í heild lögðu meira upp úr samfelldum starfsferli og tryggri afkomu, í samanburði við Ísland.

Spurt var hvort kennsla hefði verið það sem viðkomandi langaði helst til að gera að framtíðarstarfi.

Tafla 5: Hlutfall kennara (%) á Norðurlöndunum sem sagðist hafa langað helst til þess að gera kennarastarfið að framtíðarstarfi.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
Konur	63,4	60,3	64,5	61,8	60,9
Karlar	59,6	56,8	56,0	59,8	55,6

Á öllum Norðurlöndunum er hlutfall karla sem vildi helst gera kennarastarfið að framtíðarstarfi lægra en kvenna og ávallt fyrir neðan 60%. Konur eru hins vegar alltaf um eða yfir því marki. Mestur er kynjamunurinn hér á landi eða um 8 prósentustig. Fleiri konur vildu helst gera kennarastarfið að framtíðarstarfi en karlar.

KAFLI 2: NÚVERANDI STARF: STARFSLUTFALL, KENNSLUFERILL OG HELSTU VERKÞÆTTIR

Kennarar voru spurðir út í ýmsa þætti varðandi núverandi starf, þá m. starfshlutfall og lengd kennaraferils.

STARFSLUTFALL

Kennarar voru spurðir um starfshlutfall þeirra. Flestir kennarar eru í fullu starfi. Aðeins um 9% eru í 70% starfi eða minna. Hærra hlutfall kennara á Norðurlöndum er í fullu starfi, samanborið við Ísland.

Hlutfall kennara í fullu starfi hér á landi nú virðist svipað því sem var 2008, eða um 81,8%.

Tafla 6: Hlutfall (%) kennara sem er í tilteknu starfshlutfalli í viðkomandi skóla og við kennslu samtals, á Íslandi og á Norðurlöndum.

	Starfshlutfall í þessum skóla		Starfshlutfall við kennslu samtals	
	Ísland	Norðurlönd	Ísland	Norðurlönd
Fullt starf (meira en 90% af fullu starfi)	81,8	84,3	82,2	85,1
Hlutastarf (71%-90% af fullu starfi)	9,1	8,4	9,0	9,1
Hlutastarf (50%-70% af fullu starfi)	5,2	4,5	4,6	3,7
Hlutastarf (minna en 50% af fullu starfi)	3,8	2,8	4,2	2,2

HVE LENGI Á VINNUMARKAÐI?

Kennarar voru spurðir hversu lengi þeir hefðu verið á vinnumarkaði, óháð því hvort þeir hefðu verið í fullu starfi eða hlutastarfi.

Tafla 7: Árafjöldi (meðaltal) í starfi í viðkomandi skóla, samanlagt í starfi sem kennari, í störfum tengdum menntun og uppeldi öðrum en kennslu og í öðrum störfum, ekki á sviði uppeldis og menntunar. Ísland og Norðurlönd að meðaltali.

Árafjöldi í starfi	Ísland	Norðurlönd
Árafjöldi í starfi sem kennari í þessum skóla	10,4	9,9
Samanlagður árafjöldi í starfi sem kennari	15,1	15,3
Fjöldi ára í störfum tengdum menntun og uppeldi öðrum en kennslu (t.d. sem lektor við háskóla, barnfóstra)	8,0	3,1
Fjöldi ára í öðrum störfum, ekki á sviði uppeldis og menntunar	9,7	5,5

Árafjöldi við kennslu (í viðkomandi skóla eða í heild) er svipaður hér á landi og á öðrum Norðurlöndum. Hins vegar hafa íslenskir kennarar starfað að meðaltali mun lengur en starfsbræður þeirra og systur á Norðurlöndunum við önnur störf tengd uppeldi og menntun, eða störf sem tengjast ekki uppeldi og menntun. Reynsla íslenskra kennara af öðrum vettvangi en kennslu er því umtalsvert meiri en starfsystkina á Norðurlöndunum.

Í samanburði við TALIS 2013 eru tölur mjög svipaðar fyrir Ísland. Heldur hefur þó lengst sá tími sem kennarar hafa stundað önnur störf tengd menntun og uppeldi, öðrum en kennslu. Þótt orðalag spurningarinnar sé ekki nákvæmlega það sama, virðast tölur benda til þess að sá tími hafa tvöfaldast, er nú um 8 ár, en var um 4 ár árið 2013.

HVERNIG ER TÍMA KENRARANS VARIÐ?

Spurt var hversu mörgum klukkustundum í síðustu viku þátttakandi hefði varið í verkefni sem tengdust starfinu í skólanum. Að meðaltali höfðu íslenskir kennarar varið 38,8 klukkustundum í slík störf í síðustu heilu viku. Meðaltalið á Norðurlöndum er nánast hið sama, eða 38,6 klst., lengst í Svíþjóð og langstyst í Finnlandi.

Tafla 8: Fjöldi klukkustunda í síðustu heilu viku sem varið var í verkefni sem tengdust starfinu í skólanum, á Íslandi og á Norðurlöndunum, í OECD og TALIS-löndum, og fjöldi klukkustunda sem varið var í kennslu.

Land	Fjöldi klukkustunda við störf í skólanum	Fjöldi klukkustunda við kennslu
Ísland	38,8	19,8
Danmörk	38,9	19,4
Finnland	33,3	20,7
Noregur	39,9	15,8
Svíþjóð	42,3	18,6
OECD	38,8	20,6
TALIS	38,3	20,3

Einnig var spurt hve margar klukkustundir fóru í kennslu. Finniskir kennarar verja mestum tíma í kennslu, eða tæplega 21 klukkustund á viku. Meðaltalið fyrir Norðurlöndin er 18,9 eða um einni klukkustund skemur en á Íslandi. Norðmenn verja áberandi stytum tíma í kennsluna eða tæplega 16 klukkustundum á viku.

Til samanburðar við fyrri fyrirlögn TALIS (2013) þá virðist fjöldi tíma við kennslu vera örlítið hærri nú en hann var þá. Hann hefur hækkað úr 19,0 í 19,8.

Spurt var hversu mikill tími færi í önnur verk sem unnin eru samhliða kennslunni.

Tafla 9: Hversu mikill tími á viku fer í tiltekin verk í skólanum? Meðalfjöldi klukkustunda á viku á Íslandi, á Norðurlöndunum, í OECD og TALIS-löndum.

Verk	Ísland	Norðurlöndin	OECD	TALIS
Einstaklingsvinna við skipulag eða undirbúning kennslustunda annaðhvort í skólanum eða utan hans	6,8	6,3	6,5	6,8
Hópvinnu og umræður við samstarfsfólk innan þessa skóla	2,9	2,9	2,7	2,8
Einkunnagjöf og leiðréttingar á verkefnum nemenda	3,4	3,5	4,2	4,5
Nemendaráðgjöf (þar með talin umsjón, leiðsögn, fjarráðgjöf, starfsráðgjöf og ráðgjöf vegna hegðunarmála)	1,5	1,7	2,2	2,4
Þátttaka í skólastjórnun	0,9	0,8	1,4	1,6
Almenn umsýsla (þar með talin samskipti, pappírsvinna og önnur skráningarstörf sem eru hluti af starfi þínu sem kennari)	2,3	2,2	2,7	2,7
Starfsþróun einhvers konar	1,6	1,1	1,7	2,0
Samskipti og samstarf við foreldra eða forráðamenn	1,1	1,3	1,4	1,6
Þátttaka í tómstundastarfi utan kennslustunda (t.d. íþróttum og menningarstarfi eftir skóla)	1,0	0,7	1,7	1,9
Önnur verk	1,8	1,8	2,0	2,1

Samanburður við Norðurlöndin sýnir sáralítinn mun.

Samanburður við TALIS 2013 hér á landi sýnir mjög svipaða stöðu.

KAFLI 3: STARFSÞRÓUN, NÝLIÐAÞJÁLFUN, LEIÐSÖGN

Spurt var hvort þátttakendur hefðu tekið þátt í nýliðaþjálfun, formlegri eða óformlegri.

Tafla 10: Þátttaka kennara (%) í nýliðaþjálfun, formlegri og óformlegri, á Íslandi og á Norðurlöndum.

Nýliðaþjálfun	Já, í fyrsta starfi mínu		Já, í þessum skóla		Nei	
	Ísland	Norðurlönd	Ísland	Norðurlönd	Ísland	Norðurlönd
Ég tók þátt í formlegri nýliðaþjálfun.	18,5	17,1	15,9	18,8	71,0	70,7
Ég tók þátt í óformlegri kynningu fyrir nýliða.	13,9	19,3	29,1	34,7	62,1	55,6

Óformleg kynning fyrir nýliða virðist algengari á Norðurlöndum.

Samanburður við TALIS 2013 sýnir svipaða stöðu. Um þriðjungur hafði tekið þátt í nýliðaþjálfun þá.

Einnig var spurt hvaða fyrirkomulag hefði verið haft við nýliðaþjálfunina.

Tafla 11: Fyrirkomulag við nýliðaþjálfun: Hlutfall (%) kennara á Íslandi og á Norðurlöndunum sem segir að tilteknu fyrirkomulagi hafi verið beitt.

Fyrirkomulag við nýliðaþjálfun	Ísland	Norðurlönd
Námskeiðum/málstofum þar sem þátttakendur mæta á fundarstað	30,7	36,7
Námskeið/málstofur á netinu	4,1	5,6
Samstarf í gegnum tölvur (t.d. netsamfélög)	7,9	6,0
Skipulagðir fundir með skólastjóra og/eða reyndum kennurum	56,3	60,1
Leiðsögn skólastjóra og/eða reyndra kennara	76,2	55,9
Tengslanet/samvinna við aðra nýja kennara	38,1	45,7
Teymiskennsla með reyndum kennurum	46,0	36,9
Ritun dagbóka, efni safnað í vinnuöppur	8,6	6,4
Minni kennsluskylda	34,6	18,6
Kynning á almennu starfi, stjórnun og skipulagi innan skólans	73,6	59,8

Á Íslandi er algengast að nýliðaþjálfunin fari fram með leiðsögn skólastjóra og/eða reyndra kennara, einnig með kynningu á almennu starfi, stjórnun og skipulagi innan skólans. Á hinum Norðurlöndunum er algengt að um sé að ræða skipulagða fundi með skólastjóra og/eða reyndum kennurum, kynningu á almennu starfi, stjórnun og skipulagi innan skólans, og leiðsögn skólastjóra og/eða reyndra kennara.

Munurinn felst helst í því að á Íslandi fer nýliðaþjálfunin oft fram (í samanburði við Norðurlöndin) í formi leiðsagnar skólastjóra, teymiskennslu með reyndum kennurum, kynningu á almennu starfi, stjórnun og skipulagi, ásamt minni kennsluskyldu. Á hinum Norðurlöndunum er meira um að nýliðaþjálfun fari fram á námskeiðum eða í samvinnu og tengslum við aðra nýja kennara.

LEIÐSÖGN, VEITT OG ÞEGIN

Spurt var hvort viðkomandi tæki þátt í einhverri leiðsögn með formlegu fyrirkomulagi um þessar mundir í þessum skóla.

Tafla 12: Hlutfall (%) kennara á Íslandi og á Norðurlöndunum sem veitir og/eða nýtur leiðsagnar um þessar mundir í skólanum

Leiðsögn, veitt eða þegin	Ísland	Norðurlönd
Ég hef tiltekinn leiðsagnaraðila mér til stuðnings núna.	6,8	4,9
Ég sé um leiðsögn eins eða fleiri kennara.	11,0	9,3

Fleiri hafa leiðsagnaraðila sér til stuðnings nú á Íslandi en á Norðurlöndunum almennt.

STARFSÞRÓUN

Spurt var hvort viðkomandi hefði tekið þátt í starfsþróunarverkefnum af tilteknu tagi á síðustu 12 mánuðum.

Tafla 13: Hlutfall (%) kennara sem tók þátt í tilteknum starfsþróunarverkefnum á síðastliðnum 12 mánuðum, á Íslandi og Norðurlöndum, í OECD og TALIS-löndum að meðaltali.

Tegund starfsþróunarverkefna	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Námskeiðum/málstofum þar sem þátttakendur mæta á fundarstað	84,9	74,5	75,6	76,1
Námskeiðum/málstofum á netinu	34,4	25,2	35,7	37,9
Ráðstefnum um menntamál þar sem kennarar, skólustjórar og/eða rannsakendur kynna rannsóknir sínar eða ræða menntamál	62,4	44,1	48,8	50,5
Námi sem leiddi til prófgráðu	11,5	13,3	14,5	17,9
Vettvangsferðum í aðra skóla	61,2	25,3	25,9	29,5
Vettvangsferðum í fyrirtæki, stofnanir eða til samtaka	26,4	18,9	17,4	18,6
Þjálfaði eða fylgdist með kennslu samkennara og/eða greindi eigin kennslu í formlega skipulögðu samstarfi í skólanum	23,4	28,1	43,9	49,3
Samstarfi kennara, sérstaklega skipulögðu með starfsþróun kennara í huga	55,7	42,4	39,9	43,8
Lestri á starfstengdu fagefni	73,1	72,5	72,3	71,4
Annað	34,3	28,4	33,3	35,7

Algengast er að íslenskir kennarar á unglingastigi hafi tekið þátt í námskeiðum/málstofum þar sem þátttakendur mæta á fundarstað. Einnig hefur meira en helmingur tekið þátt í ráðstefnum um menntamál og vettvangsferðum í aðra skóla. Þessir þættir eru allir umtalsvert algengari hér á landi en á Norðurlöndunum og yfirleitt algengari en í OECD og TALIS-löndum almennt.

Meira var um það á Norðurlöndunum að kennarar þjálfuðu eða fylgdust með kennslu samkennara og/eða greindu eigin kennslu í formlega skipulögðu samstarfi í skólanum. Í OECD og TALIS-löndum almennt er mun algengara að fylgjast með kennslu samkennara.

Árið 2013 var einnig spurt um þátttöku í tilteknum starfsþróunarverkefnum. Tvö þeirra eru orðuð á sambærilegan hátt nú í ár og fjalla um vettvangsferðir í aðra skóla og/eða í fyrirtæki, stofnanir og samtök. Þátttaka í slíkum verkefnum virðist hafa aukist nokkuð frá því sem var 2013.

Einnig var spurt hvort starfsþróunarverkefni síðustu 12 mánaða hefðu verið á tilteknum sviðum, 15 talsins.

Tafla 14: Hlutfall (%) kennara sem tók þátt í starfsþróunarverkefnum á tilteknum sviðum á síðastliðnum 12 mánuðum á Íslandi og á Norðurlöndum, í OECD og TALIS-löndum.

Svið starfsþróunar	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Þekking og skilningur á aðalkennslugrein(um) minni (mínúnum)	60,7	71,1	76,0	79,0
Hæfni til kennslu á aðalkennslugrein(um) minni (mínúnum)	53,6	60,5	72,8	76,9
Þekking á námskránni	61,5	60,4	64,7	70,9
Námsmatsaðferðir	72,3	63,5	65,2	70,9
Færni í notkun upplýsinga- og samskiptatækni við kennslu	63,2	61,8	60,4	63,0
Hegðun nemenda og stjórnun í kennslustofunni	36,5	38,6	49,8	56,7
Rekstur skóla og stjórnun	4,3	9,2	22,1	26,2
Aðferðir við einstaklingsmiðað nám	31,7	32,1	46,6	51,9
Kennsla nemenda með sérþarfir	30,5	33,4	42,8	42,6

Kennsla í fjölmenningslegu umhverfi eða fjöltyngdum nemendahópi	23,0	19,2	21,9	26,4
Kennsla í þverfaglegri hæfni (t.d. sköpun, gagnrýninni hugsun, lausnaleit)	30,3	28,2	48,5	54,5
Greining og notkun á niðurstöðum nemendamats	23,2	30,6	46,8	55,1
Samvinna kennara og foreldra/forráðamanna	22,9	19,5	35,1	43,7
Samskipti við fólk frá öðrum löndum eða menningarsvæðum	18,7	13,9	19,3	23,0
Annað	23,9	22,6	27,8	30,3

Mest er um það hér á landi að starfsþróunarverkefni snúist um námsmatsaðferðir, þekkingu á námskránni og þekkingu og skilning á aðalkennslugrein. Tvö fyrrnefndu atriðin hafa verið í deiglunni undanfarið, breytingar á einkunnakerfi og vægi einkunna. Á Norðurlöndunum er mest stund lögð á starfsþróunarverkefni um þekkingu og skilning á aðalkennslugrein viðkomandi kennara, námsmatsaðferðir, hæfni til kennslu á aðalkennslugrein, þekkingu á námskránni, notkun upplýsinga- og samskiptatækni o.fl. Þetta eru svipuð verkefni og íslenskir kennara stunda. Mesti munurinn er varðandi starfsþróunarverkefni um námsmatsaðferðir (sem Íslendingar stunda meira) og um þekkingu og skilning á aðalkennslugrein, ásamt hæfni til kennslu á aðalkennslugrein, sem kennarar á Norðurlöndunum stunda almennt meira. Í OECD og TALIS-löndum hefur, á flestum sviðum, hærra hlutfall kennara tekið þátt í starfsþróun.

STUÐNINGUR VEGNA STARFSÞRÓUNAR

Tafla 15: Stuðningur vegna starfsþróunar. Hlutfall (%) kennara sem segist hafa fengið stuðning af tilteknu tagi vegna starfsþróunar á Íslandi og á Norðurlöndunum.

Veittur stuðningur vegna starfsþróunarverkefna	Ísland	Norðurlönd
Ég fékk að fara frá kennslu vegna starfsþróunar sem fór fram á vinnutíma	59,7	55,9
Ég fékk stuðning, þó ekki fjárhagslegan, vegna starfsþróunar utan vinnutíma (t.d. minnkaða kennsluskilyldu, orlofsdaga, námsleyfi)	20,1	19,7
Kostnaður var greiddur eða endurgreiddur	48,0	34,6
Gögn sem ég þurfti að nota í starfsþróuninni	28,4	31,3
Ég fékk viðbótargreiðslur vegna starfsþróunar utan vinnutíma	4,4	7,3
Ég fékk umbun, þó ekki fjárhagslega (t.d. viðbótarefni eða annan búnað til að nota í kennslustofunni, úttektarmiða til bókakaupa, hugbúnað eða snjallforrit)	10,2	5,6
Fékk eitthvað sem nýttist mér í faginu, þó ekki fjárhagslegt (t.d. tækifæri til þess að uppfylla kröfur um faglega starfsþróun eða auka möguleika mína á stöðuhækkun)	20,6	14,2
Launahækkun	2,6	4,6

Í samanburði við Norðurlöndin er algengara hér á landi að kostnaður vegna starfsþróunar sé greiddur eða endurgreiddur, þ.e. að þátttakandinn þurfi ekki að standa straum af öllum kostnaði. Einnig kemur oftast fyrir að þátttakendur fái umbun (þó ekki fjárhagslega) fyrir þátttökuna. Mjög fátítt er að þátttakendur fái viðbótargreiðslur vegna þátttöku í starfsþróun. Algengt er hins vegar að þátttakendur fái að fara frá kennslu til þess að stunda starfsþróun sem fer fram á vinnutíma. Þetta gildir líka um Norðurlöndin.

JÁKVÆÐ ÁHRIF?

Spurt var hvort starfsþróunarverkefni hefðu haft jákvæð áhrif á kennsluáferðir. Um 82,2% íslenskra kennara á unglingsstigi og 76,5% kennara á Norðurlöndunum sögðu að þau hefðu haft jákvæð áhrif.

Kennarar voru einnig beðnir um að lýsa nánar starfsþróunarverkefni sem þeir tóku þátt í á síðastliðnum 12 mánuðum og sem þeir töldu að hefði haft mest jákvæð áhrif á kennslu þeirra.

Tafla 16: Hlutfall kennara (%) sem taldi eftirfarandi einkenna það starfsþróunarverkefni sem hafði mest jákvæð áhrif á kennslu þeirra. Ísland, Norðurlönd, OECD og TALIS-löndin.

Starfsþróunarverkefni	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Það bætti við þekkingu sem ég hafði áður tileinkað mér.	96,6	94,2	90,7	91,3
Það var sniðið að sérstakri þörf minni fyrir starfsþróun.	49,4	67,1	78,1	80,0
Það var vel uppbyggt.	80,9	73,3	76,0	77,6
Það var með viðeigandi áherslu á fagefni í greinum sem ég kenni.	63,6	70,4	71,9	75,4
Það veitti tækifæri til virkrar þátttöku í námi.	58,4	70,1	77,9	80,8
Þar var hægt að læra saman í hóp.	61,8	70,5	74,0	77,3
Það bauð upp á tækifæri til þess að prófa nýjar hugmyndir og beita nýrri þekkingu í kennslu með mínum nemendahópi.	80,2	84,7	85,9	87,3
Veitt var eftirfylgni	25,9	38,1	51,5	56,8
Starfsþróunin fór fram í skólanum mínum.	46,2	43,2	47,4	49,7
Flestir samkennarar mínir tóku þátt í henni.	42,5	39,1	39,8	44,2
Það spannaði lengra tímabil (stóð t.d. í nokkrar vikur eða lengur).	44,0	42,7	40,8	42,2
Þar var lögð áhersla á nýsköpun í kennslunni.	44,4	45,4	64,8	68,5

Mest jákvæð áhrif starfsþróunar á Íslandi, að mati kennara, var að sjá í verkefnum þar sem bætt var við þekkingu sem viðkomandi hafði áður tileinkað sér. Einnig ef það var vel uppbyggt, bauð upp á tækifæri til þess að prófa nýjar hugmyndir og beita nýrri þekkingu í kennslu með nemendahópnum.

ÞÖRF FYRIR STARFSÞRÓUN

Einnig fjölluðu nokkrar spurningar um þörf fyrir frekari starfsþróun.

Tafla 17: Þörf kennara fyrir starfsþróun. Hlutfall (%) kennara sem taldi sig hafa mikla þörf fyrir starfsþróun á tilteknum sviðum á Íslandi og á Norðurlöndum, í OECD og TALIS-löndum.

	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Þekking og skilningur á aðalkennslugrein(um) minni (mínum)	10,7	8,0	9,4	11,8
Hæfni til kennslu á aðalkennslugrein(um) minni (mínum)	9,4	7,1	10,2	12,8
Þekking á námskránni	10,2	6,7	7,6	10,8
Námsmatsaðferðir	18,8	12,2	12,1	14,3
Færni í notkun upplýsinga- og samskiptatækni við kennslu	21,1	19,2	17,7	20,0
Hegðun nemenda og stjórnun í kennslustofunni	18,9	10,2	14,2	16,2
Rekstur skóla og stjórnun	4,2	3,5	7,5	9,2
Aðferðir við einstaklingsmiðað nám	12,0	8,9	13,6	15,1

Kennsla nemenda með sérþarfir	17,4	16,8	22,2	23,9
Kennsla í fjölmenningslegu umhverfi eða fjöltyngdum nemendahópi	19,4	12,9	15,0	16,4
Kennsla í þverfaglegri hæfni (t.d. sköpun, gagnrýninni hugsun, lausnaleyti)	10,1	9,2	13,6	16,1
Greining og notkun á niðurstöðum nemendamats	9,0	7,3	10,7	13,2
Samvinna kennara og foreldra/forráðamanna	5,7	3,6	9,3	12,6
Samskipti við fólk frá öðrum löndum eða menningarsvæðum	9,5	6,5	11,1	13,4

Þörfin hér á landi er, að sögn kennara á unglingsstigi, meiri en á Norðurlöndunum almennt á flestum sviðum, þótt munurinn sé ekki mikill. Tveir fyrstu liðirnir voru einnig háir árið 2013. Í samanburði við Norðurlöndin þá er þörfin hvað mest í liðnum „kennsla í fjölmenningslegu umhverfi eða fjöltyngdum nemendahópi“ og varðandi hegðun nemenda og námsmatsaðferðir. Þörfin er umtalsvert meiri á þessum sviðum, að mati kennara, hér á landi en meðal kennara á Norðurlöndunum.

Í samanburði við þörf kennara fyrir starfsþróun í TALIS 2013 þá telja færri sig hafa mikla þörf fyrir starfsþróun nú varðandi þekkingu á námskrá (nú um 10%, var um 23%) og færni í notkun upplýsinga- og samskiptatækni (nú um 21%, var 29%) en fleiri hafa mikla þörf fyrir starfsþróun í kennslu í fjölmenningslegu umhverfi (nú um 19%, var 9%).

HINDRANIR Á VEGI FREKARI STARFSÞRÓUNAR

Á Íslandi telja kennarar helstu mögulegu hindranirnar felast í því að þjálfunin rekist á við vinnutímann. Sú hindrun er meiri hér á landi en á Norðurlöndunum. Einnig er meiri hindrun í því fólgin hér á landi að kennarinn þurfi að sinna fjölskyldunni. Þessar tvær ástæður eru efnislega skyldar. Lítið er um það hér á landi (og meira á Norðurlöndunum) að kennarar telji sig ekki hafa fengið stuðning frá vinnuveitanda til starfsþróunarinnar. Hér á landi er hlutfallið sem er sammála þessu um 14% en um fjórðungur á Norðurlöndunum eða tíu prósentustigum fleiri en hér á landi. Stuðningur vinnuveitanda virðist meiri hér og á Norðurlöndum en í OECD og í TALIS-löndunum almennt.

Tafla 18: Hindranir á vegi frekari starfsþróunar kennara. Hlutfall (%) kennara sem er sammála eða mjög sammála fullyrðingunum. Ísland, Norðurlönd, OECD og TALIS-löndin.

Hindranir	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Ég stenst ekki forkröfur (t.d. hæfniskröfur, reynslu, starfsaldur).	5,6	6,8	11,0	12,0
Þjálfun er of dýr.	39,0	44,7	44,6	12,0
Ég fæ ekki stuðning frá vinnuveitanda mínum.	14,4	24,3	31,8	42,9
Þjálfunin rekst á við vinnutíma minn.	61,9	53,9	54,4	32,4
Ég hef ekki tíma þar sem ég þarf að sinna fjölskyldu minni.	45,4	31,7	37,3	52,5
Það er engin viðeigandi þjálfun í boði.	40,9	35,9	38,2	37,6
Það er enginn hvati til að taka þátt í starfsþróun.	44,0	40,1	47,6	36,2

Tölur eru mjög svipaðar því sem var árið 2013. Helst er að lítið eitt færri telji sig ekki hafa efni á þátttöku í starfsþróun (var 43,1% árið 2013) en jafnframt virðist örlítið tilhneiging í þá átt að kennarar telji frekar að þjálfunin rekist á við vinnutíma (nú 61,9%, var 57,9% árið 2013) eða að enginn hvati sé til þess að taka þátt í slíkum verkefnum (nú 44,1%, áður 40,7%).

KAFLI 4: UM KENNSLUNA ALMENNT, NÝBREYTNÍ OG TRÚ Á EIGIN GETU.

Þátttakendur voru spurðir hversu sammála eða ósammála þeir væru fullyrðingum um kennara skólans.

Tafla 19: Hversu opnir eru aðrir kennarar fyrir breytingum og nýjum hugmyndum, að mati þátttakanda? Hlutfall (%) kennara sem er sammála eða mjög sammála fullyrðingunum, á Íslandi og Norðurlöndum, í OECD og TALIS-löndum.

	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Flestir kennarar við skólann leggja sig fram við að þróa nýjar aðferðir við kennslu og nám.	81,1	77,8	79,0	80,2
Flestir kennarar við skólann eru opnir fyrir breytingum.	78,2	76,0	74,1	76,4
Flestir kennarar við skólann leita nýrra leiða til að finna lausnir á vandamálum.	82,4	80,5	76,8	79,1
Flestir kennarar skólans veita hver öðrum aðstoð við að koma nýjum hugmyndum í framkvæmd.	82,9	81,6	77,9	80,0

Lítill munur er á svörum þátttakenda á Íslandi og á Norðurlöndum við spurningum um hversu opnir samkennarar þeirra eru fyrir breytingum. Kennarar eru almennt „sammála“ þeim fullyrðingum sem eru fram settar og fjalla um vilja þeirra til þess að leita nýrra leiða. Um 4/5 hlutar kennara hér á landi og á hinum Norðurlöndunum telja að kennarar við skólann séu „opnir“ fyrir þeim atriðum sem spurt er um, þ.e. gagnvart nýjungum í kennslu, nýjum leiðum að lausnum á vandamálum, framkvæmd nýrra hugmynda.

TRÚ Á EIGIN GETU

Kennarar voru spurðir að hve miklu leyti þeir teldu sig hafa tiltekin atriði á valdi sínu í kennslustofunni. Spurt var „að hve miklu leyti getur þú gert eftirfarandi í kennslu þinni?“

Tafla 20: Trú á eigin getu: Mat kennara á því að hve miklu leyti þeir telji sig geta gert tiltekin atriði í kennslu. Hlutfall kennara sem er sammála fullyrðingunum að þó nokkru leyti eða að miklu leyti. Í fyrsta dálki er einnig meðaltal Íslands á fullyrðingunum á 1-4 kvarða.

	Ísland	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
	1=allis ekki 4=að miklu leyti				
Fengið nemendur til að trúa því að þeim geti gengið vel í skólanum	3,30	88,3	87,3	85,5	86,3
Hjálpað nemendum mínum að meta gildi náms	3,14	82,7	76,8	80,7	82,8
Lagt góð verkefni fyrir nemendur	3,48	95,3	87,5	87,5	88,7
Náð stjórn á truflandi hegðun í kennslustofunni	3,3	87,9	85,5	85,3	86,1
Glætt áhuga nemenda sem eru áhugalausir um námið	2,93	72,9	61,9	68,3	72,0
Sett væntingar mínar til nemenda fram á skýran hátt	3,28	89,3	91,5	91,0	91,5
Hjálpað nemendum við að temja sér gagnrýna hugsun	2,97	75,6	76,9	80,6	82,2
Fengið nemendur til að fara eftir þeim reglum sem gilda í kennslustofunni	3,31	89,8	88,2	88,8	89,9
Róað niður nemendur sem sýna truflandi hegðun eða eru með hávaða	3,19	85,3	83,5	83,4	82,4,9
Notað mismunandi námsmatsaðferðir	3,26	85,8	77,9	80,3	82,0
Haft fleiri skýringar á takteinum til að útskýra það sem nemendur skilja ekki	3,36	91,1	89,6	92,1	92,7
Skipt um kennslutækni eftir þörfum í kennslustofunni	3,22	83,8	81,7	84,5	85,5
Stutt nám nemenda með hjálp stafrænnar tækni (t.d. tölvum, spjaldtölvum, snertitöflum)	2,86	62,9	67,9	66,8	66,7

1=allis ekki; 2=að nokkru leyti; 3=að þó nokkur leyti; 4=að miklu leyti

Um flest viðfangsefnin gildir að þátttakendur telja að þeir geti sinnt þeim að „þó nokkru leyti“ og ríflega það. Lítil munur er á milli Íslands og Norðurlanda.

Íslenskir kennarar hafa þó meiri trú á sjálfum sér en kollegar þeirra á Norðurlöndum varðandi það að glæða áhuga nemenda sem eru áhugalausir um námið, nota mismunandi námsmatsaðferðir og leggja góð verkefni fyrir nemendur.

Fyrir þau atriði sem eru sambærileg við fyrirlögn TALIS 2013 er óhætt að segja að breytingar á þessu tímabili varðandi trú kennara á eigin getu, færni þeirra í kennslustofunni, séu nánast engar.

KAFLI 5: KENNSLA Í TILTEKNUM KENNSLUHÓPI: HELSTU VERKÞÆTTIR, BEKKJARSTJÓRNUN, NÁMSMAT

Til þess að fá nákvæmari mynd af kennsluaðferðum þátttakenda voru þeir beðnir um að beina athyglinni að kennslu sinni í einum tilteknum bekk eða kennsluhópi. Til samræmis voru allir kennarar beðnir um að segja frá fyrsta kennsluhópnum sem þeir kenndu eftir klukkan 11 að morgni síðasta þriðjudags. Ef viðkomandi kenndi ekki á unglingastigi á þriðjudögum þá var þátttakandi beðinn um að segja frá þeim hópi á unglingastigi sem hún kenndi næst þar á eftir.

STÆRÐ KENNSLUHÓPS/BEKKJAR

Tafla 21: Fjöldi nemenda í tilteknum bekk/kennsluhópi, þ.e. fyrsta hópnum sem viðkomandi kenndi á unglingastigi eftir klukkan 11 síðasta þriðjudag fyrir fyrirlögn spurningalistans.

Land	Stærð kennsluhóps
Ísland	20,4
Danmörk	22,2
Finnland	18,1
Noregur	22,9
Svíþjóð	22,7
Norðurlönd meðaltal	21,3

Stærð bekkjar/kennsluhóps er um 20 hér á landi en um 22 á hinum Norðurlöndunum nema Finnlandi, þar sem hann er um 18 nemendur. Meðaltal Norðurlandanna er 21,3.

Árið 2013 í TALIS var nemendafjöldi í bekk áætlaður um 19,6. Stærð bekkjar virðist því vera örlitlu meiri nú, svo munar tæplega einum nemanda.

HVERNIG SKIPTIST TÍMINN?

Spurt var hvernig tíminn með þessum tiltekna kennsluhópi skiptist milli stjórnunar (viðveruskráningar o.s.frv.), að halda aga í kennslustofunni og eiginlegrar kennslu.

Tafla 22: Hlutfall tíma (%) sem fer í hvert verk: Stjórnun, að halda aga og eiginlega kennslu. Ísland og Norðurlönd.

	Ísland	Norðurlönd
Stjórnun (t.d. viðveruskráning, afhending upplýsinga frá skólanum, t.d. eyðublaða)	8,9%	7,3%
Að halda röð og reglu í kennslustofunni (halda aga)	16,3%	12,2%
Eiginleg kennsla og nám	74,7%	80,2%

Meiri tími fer í það, hér á landi, að halda aga, í samanburði við Norðurlöndin, og að sama skapi fer minni tími í eiginlega kennslu. Í Noregi fer minnstur tími í að halda aga.

Tölurnar fyrir Ísland eru mjög svipaðar því sem var í TALIS 2013.

BEKKJARSTJÓRNUN

Spurt var hversu sammála eða ósammála kennarar væru tilteknum fullyrðingum um hópinn.

Tafla 23: Bekkjarstjórnun: Hlutfall (%) kennara sem er sammála eða mjög sammála fullyrðingum um bekkjarstjórnun, á Íslandi og á Norðurlöndum.

	Ísland	Norðurlönd
Í upphafi kennslustundar þarf ég að bíða í þó nokkurn tíma áður en nemendur gefa hljóð.	42,6	26,9
Nemendur gæta þess að skapa góðan námsanda	68,4	68,8
Ég tapa töluverðum tíma vegna þess að nemendur trufla kennsluna.	40,6	29,4
Það er mikill truflandi hávaði í þessum tímum.	30,5	26,9

Íslenskir kennarar eru meira sammála fullyrðingum sem benda til lakari aga í skólastofunni, í samanburði við Norðurlöndin. Um 40% eru sammála þeim fullyrðingum að í upphafi kennslustundar þurfi að bíða nokkuð áður en nemendur gefa hljóð, einnig segjast þeir tapa töluverðum tíma vegna þess að nemendur trufla kennsluna.

KENNSLUHÆTTIR

Spurt var um kennsluhætti í kennsluhópi.

Tafla 24: Kennsluhættir í tilteknum bekk/kennsluhópi. Hlutfall (%) kennara sem gera eftirfarandi oft eða alltaf, á Íslandi og Norðurlöndum, í OECD og TALIS-löndum.

	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Ég legg fram samantekt á námsefni sem nýlega hefur verið farið yfir.	38,2	64,3	73,5	75,7
Ég set markmið við upphaf kennslu.	69,7	70,0	80,5	83,4
Ég útskýri hvað ég ætlast til að nemendur tileinki sér úr náminu.	83,4	82,6	89,9	90,4
Ég útskýri hvernig ný viðfangsefni tengjast þeim sem áður hafa verið kennd.	74,8	74,1	83,9	86,2
Ég legg fyrir verkefni sem engin augljós lausn er á.	19,4	36,5	33,9	37,5
Ég úthluta verkefnum sem krefjast gagnrýnninnar hugsunar hjá nemendum.	50,1	49,7	58,1	61,0
Ég læt nemendur vinna í litlum hópum að sameiginlegri lausn vandamála eða verkefna.	44,5	56,3	50,1	52,7
Ég bið nemendur að beita eigin aðferðum við lausn flókinna verkefna.	52,6	45,5	44,5	47,0
Ég segi nemendum að fara eftir bekkjarreglum í kennslustofunni.	66,8	57,4	70,7	72,4
Ég segi nemendum að hlusta á það sem ég segi.	76,8	62,7	70,2	70,2
Ég róa nemendur sem eru að trufla.	75,3	61,4	65,0	65,0
Við upphaf kennslustundar segi ég nemendum að koma á ró með hraði.	55,2	61,4	61,1	62,0

Ég bendi á vandamál í leik eða starfi þar sem ný þekking getur komið að gagni.	40,5	58,9	73,7	76,7
Ég læt nemendur vinna svipuð verkefni þar til ég er fullviss um að allir nemendur hafi skilið námsefnið.	48,8	53,2	67,9	71,3
Ég úthluta nemendum verkefnum sem tekur a.m.k. viku vinnu að fullgera.	30,8	28,4	28,6	30,5
Ég læt nemendur nýta sér upplýsinga- og samskiptatækni við verkefni eða vinnu í tímum.	54,0	64,6	52,7	51,3

Kennarar á Íslandi segjast oftast segja nemendum að hlusta á það sem þeir segja, einnig segjast þeir róa nemendur sem eru að trufla, oftast en kennarar á Norðurlöndunum. Er það í samræmi við niðurstöður að ofan, þar sem kom fram að meiri tími fer í agamál í kennslustofunni hér á landi í samanburði við meðaltal Norðurlanda. Á Norðurlöndunum er meira um það að kennarar leggi fram samantekt á námsefni sem nýlega hefur verið farið yfir, þeir leggja einnig fyrir verkefni sem engin augljós lausn er á oftast en kennarar á Íslandi. Kennarar á Norðurlöndunum bjóða nemendum að nýta sér upplýsingatækni oftast en á Íslandi, þeir benda oftast á vandamál í leik eða starfi þar sem ný þekking getur komið að gagni.

Í TALIS 2013 eru nokkrar spurningar samanburðarhæfar við tölurnar hér að ofan, þótt smávægilegar breytingar hafi verið gerðar á orðalagi í sumum tilfellum og kvarða. Helstu markverðu breytingarnar er að sjá varðandi nýtingu nemenda á upplýsinga- og samskiptatækni, við úrlausn verkefna eða vinnu í skólastofunni. Nú gerir rúmlega helmingur kennara þetta „oft“ eða „alltaf“ en aðeins um 32% gerðu það „oft“ eða í „nánast hverri kennslustund“ í TALIS 2013.

NÁMSMAT

Spurt var hversu oft kennarar notuðu tiltekna námsmatsaðferðir í bekknum/kennsluhópnum sem var til umræðu.

Tafla 25: Námsmatsaðferðir í tilteknum bekk/kennsluhópi á Íslandi og Norðurlöndum, í OECD og TALIS-löndum að meðaltali. Hlutfall (%) kennara sem notar tiltekna aðferðir.

	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Ég legg fyrir mitt eigið námsmat.	69,7	71,4	77,2	76,1
Ég veiti nemendum skriflega umsögn auk bókstafs- eða tölueinkunna.	60,9	59,3	57,5	59,8
Ég læt nemendur sjálfa meta framfarir sínar.	17,5	32,3	41,0	42,5
Ég fylgist með nemendum leysa verkefni og veiti þeim endurgjöf þá þegar.	63,1	70,5	78,8	80,4

Á Norðurlöndunum nota kennarar oftast en á Íslandi þá aðferð að láta nemendur sjálfa meta framfarir sínar. Algengast er þó hér á landi og á hinum Norðurlöndunum að leggja fyrir sitt eigið námsmat.

Mest áberandi breytingin, í samanburði við TALIS 2013, er varðandi það að veita nemendum skriflega umsögn auk bókstafs- eða tölueinkunna (var um 50%, er nú um 61%). Einnig leggja fleiri fyrir eigið námsmat nú (um 70%, var 57%). Fullyrðingin er þó ekki nákvæmlega eins í báðum fyrirlögnum (Árið 2013 var sagt „Ég þróa og legg fyrir ...“ en nú er aðeins sagt „Ég legg fyrir...“). Nánast sama hlutfall kennara í báðum fyrirlögnum segist láta nemendur sjálfa meta framfarir sínar (17,3% og 17,5%) eða fylgjast með nemendum leysa verkefni og veita þeim endurgjöf þá þegar (63,4% og 63,1%).

KAFLI 6: KENNSLA Í FJÖLMENNINGARUMHVERFI

Spurt var hvort kennari hefði nokkurn tíma kennt bekk með nemendum frá ólíkum menningarheimum. Hér á landi svöruðu 73,0% því játandi, á Norðurlöndunum ívið fleiri eða 77,2% að meðaltali.

Hér má sjá niðurstöður fyrir hvert Norðurlanda fyrir sig. Sjaldgæfast er það í Danmörku, þar sem rétt tæp 70% hafa kennt bekk með nemendum frá ólíkum menningarheimum en algengast í Svíþjóð þar sem um 86% kennara hefur kennt bekk með nemendum frá ólíkum menningarheimum.

Tafla 26: Hlutfall (%) kennara sem segist hafa kennt nemendum með ólíkan menningarbakgrunn á Íslandi og á Norðurlöndum að meðaltali.

	Ísland	Danmörk	Finnland	Noregur	Svíþjóð	Norðurlönd meðaltal
Hlutfall (%)	73,0	68,9	78,8	79,1	86,4	77,2

Spurt var einnig um skólann sjálfan, þ.e. hvort nemendur í þessum skóla væru með ólíkan menningarlegan bakgrunn eða af mismunandi þjóðerni.

Tafla 27: Hlutfall (%) kennara sem segir að í skólanum séu nemendur með ólíkan menningarlegan bakgrunn eða af mismunandi þjóðerni á Íslandi og öðrum Norðurlöndum.

	Ísland	Danmörk	Finnland	Noregur	Svíþjóð	Norðurlönd meðaltal
Hlutfall (%)	88,8	87,5	83,6	93,0	80,8	86,7

Að meðaltali á Norðurlöndunum eru tæp 87% kennara að störfum í skólum þar sem sumir nemendur eru með ólíkan menningarlegan bakgrunn eða af mismunandi þjóðerni. Það er mjög svipað hlutfallinu á Íslandi.

Spurt var að hvaða marki kennari teldi sig hafa vald á tilteknum atriðum í kennslu nemenda með ólíkan menningarlegan bakgrunn.

Tafla 28: Að hvaða marki telur kennari sig hafa vald á eftirfarandi atriðum í kennslu nemenda með ólíkan menningarbakgrunn? Hlutfall (%) kennara sem telur sig hafa vald á slíku að þó nokkru leyti eða að mjög miklu leyti.

	Ísland	Norðurlöndin	OECD	TALIS
Höndlað vandamálin sem geta komið upp í menningarlega fjölbreyttum kennsluhópi.	61,6	68,4	66,9	67,9
Sniðið kennsluna að þörfum nemenda með ólíkan menningarlegan bakgrunn.	52,9	51,1	58,9	62,7
Tryggt að nemendur af innlendum og erlendum uppruna geti unnið saman.	69,4	72,7	69,2	67,9
Gert nemendur betur meðvitaða um ólíkan menningarbakgrunn nemendahópsins.	64,1	58,8	68,2	70,2
Unnið gegn staðalímyndum hjá nemendum.	71,3	66,9	72,7	73,8

Aðeins um helmingur á Íslandi og á Norðurlöndum telur sig geta sniðið kennsluna að þörfum nemenda með ólíkan menningarlegan bakgrunn.

ÚRRÆÐI Í FJÖLBREYTTUM NEMENDAHÓPI

Talsvert meira er um það á hinum Norðurlöndunum almennt að skólinn hafi tekið upp kennsluhætti sem miða sérstaklega að því að flétta alþjóðleg viðfangsefni inn í öll sviði námskrárinnar. Á hinn bóginn er mun meira um það að á Íslandi séu skipulagðir fjölmennarlegir viðburðir og að skólinn styðji við starfsemi sem hvetur nemendur til að tjá ólíka menningu eða þjóðarvitund sína.

Tafla 29: Hlutfall (%) kennara sem telur að gripið sé til eftirfarandi úrræða til þess að bregðast við fjölbreytileika nemenda á Íslandi og Norðurlöndum.

	Ísland	Norðurlöndin
Skólinn styður við starfsemi eða samtök sem hvetja nemendur til að tjá ólíka menningu eða þjóðarvitund sína (t.d. í listrænu starfi)	49,5	30,2
Fjölmenningarlegir viðburðir eru skipulagðir (t.d. dagur tileinkaður menningarlegum fjölbreytileika)	34,8	27,0
Nemendum er kennt hvernig eigi að bregðast við mismunun á grundvelli þjóðernis eða menningarlegs uppruna	54,8	55,7
Við höfum tekið upp kennsluhætti sem miða að því að flétta alþjóðleg viðfangsefni inn í öll svið námskrárinnar	27,1	62,5

KAFLI 7: SKÓLABRAGUR OG STARFSÁNÆGJA

Spurt var um ýmis atriði varðandi skólabrag og starfsánægju, samkomulag og viðmót gagnvart nemendum.

Tafla 30: Viðhorf kennara til ýmissa spurninga varðandi samkomulag kennara og viðmót þeirra gagnvart nemendum. Hlutfall (%) kennara sem er sammála eða mjög sammála tilteknum fullyrðingum.

	Ísland	Norðurlöndin	OECD	TALIS
Kennurum og nemendum kemur yfirleitt vel saman.	98,2	98,1	96,2	96,0
Flestum kennurum finnst mikilvægt að nemendum líði vel.	99,3	99,2	96,4	96,2
Flestir kennarar hafa áhuga á því sem nemendum liggur á hjarta.	98,3	96,5	92,6	92,5
Skólinn veitir nemendum í þessum skóla, sem á þurfa að halda, viðbótaraðstoð.	83,9	84,3	91,6	92,4
Kennarar geta treyst hver á annan.	93,4	92,1	87,4	88,5

Í flestum tilfellum er meðaltalið mitt á milli sammála og mjög sammála í fullyrðingum sem lýsa áhuga og umhyggju kennara gagnvart nemendum. Þannig finnst langflestum kennurunum mikilvægt að nemendum líði vel og hafa áhuga á því sem þeir eru að gera. Gildir þetta bæði um Ísland, Norðurlöndin og TALIS sem heild.

Þótt munurinn sé ekki mikill þá er vísbending í þá átt að kennarar á Norðurlöndunum geti betur treyst hver á annan en í OECD eða TALIS löndum almennt.

STARFSÁNÆGJA

Nokkrar fullyrðingar fjölluðu um starfsánægju og áttu þátttakendur að taka afstöðu til þeirra.

Tafla 31. Starfsánægja kennara: Hlutfall (%) kennara sem er sammála eða mjög sammála ýmsum fullyrðingum sem lýsa viðhorfi til starfsins, á Íslandi og á Norðurlöndum, í OECD og TALIS-löndum að meðaltali.

	Ísland	Norðurlöndin	OECD	TALIS
Kostir þess að vera kennari vega mun þyngra en ókostirnir.	85,8	84,5	76,0	75,1
Ef ég gæti valið aftur um starf myndi ég einnig velja kennsluna.	62,5	70,0	75,6	75,8
Ég myndi vilja skipta um skóla ef það væri mögulegt.	15,3	15,2	20,0	21,3
Ég sé eftir að hafa valið kennarastarfið.	13,0	9,0	9,1	10,3

Mér líkar vel að starfa í þessum skóla.	94,1	92,7	89,8	88,8
Ég velti því fyrir mér hvort það hefði verið betra að velja annað starf.	50,7	40,9	33,8	35,4
Ég myndi mæla með þessum skóla sem góðum vinnustað.	90,5	87,1	83,4	83,3
Ég held að kennarastarfið sé mikils metið í þjóðfélaginu.	10,1	26,5	25,8	32,4
Ég er ánægð(ur) með frammistöðu mína í þessum skóla.	97,1	95,9	92,6	92,7
Í heildina er ég sátt(ur) við starf mitt.	92,6	90,6	90,3	90,2

Ánægja í starfi er mjög svipuð á Íslandi og á Norðurlöndunum í heild.

Kennarar eru í heildina sáttir eða mjög sáttir við starfið, þ.á m. frammistöðu sína og skólann. Tiltölulega lágt hlutfall vill skipta um skóla. Um helmingur veltir þó fyrir sér hvort betra hefði verið að velja annað starf og áberandi færri kennarar hér á landi telja að kennarastarfið sé mikils metið í þjóðfélaginu, í samanburði við OECD og TALIS-lönd.

Þegar niðurstöður nú eru bornar saman við fyrri fyrirlögn TALIS, árið 2013 þá virðist ánægjan hafa lækkað lítillega í nokkrum fullyrðingum. Nær allar spurningar hníga í þá átt. T.d. eru 2 spurningar um það hvort kennari sjái eftir að hafa valið sér kennarastarfið og hvort betra hefði verið að velja sér annað starf, og í báðum tilfellum er meðaltalið hærra núna. Einnig virðast kennarar nú hafa minni trú á því að kennarastarfið sé mikils metið í þjóðfélaginu.

Samanburður við TALIS 2008 bendir til þess að ánægja með starfið, þ.e. hversu sáttir kennarar eru við starfið í heildina, sé svipað nú og það var 2008. Á fullyrðingunni „í heildina er ég sátt(ur) við starf mitt“ var meðaltal 3,17 árið 2018, 3,26 árið 2013 og 3,15 árið 2008, á kvarðanum 1=mjög ósammála; 4=mjög sammála.

Spurt var um fleiri atriði varðandi stafsánægju, t.d. varðandi laun, möguleika kennara til þess að hafa áhrif á menntastefnu o.fl.

Tafla 32: Viðhorf til launa og sýn á kennarastarfið í þjóðfélaginu. Hlutfall (%) kennara sem er sammála eða mjög sammála fullyrðingunum, á Íslandi og á Norðurlöndum.

	Ísland	Norðurlöndin
Ég er sátt(ur) við launin sem ég fæ fyrir vinnu mína.	6,2	40,4
Burtséð frá laununum er ég ánægð(ur) með það sem kveðið er á um í ráðningarsamningi mínum (t.d. starfsréttindi, vinnuskipulag).	50,5	58,5
Skoðanir kennara eru mikils metnar af stefnumótunaraðilum í landinu eða sveitarfélaginu.	6,0	14,2
Kennarar geta haft áhrif á menntastefnu í landinu eða sveitarfélaginu.	29,2	19,6
Kennarar eru mikils metnir af fjölmiðlum hér á landi.	6,7	21,4

Ánægja með laun er umtalsvert minni hér á landi en á Norðurlöndunum almennt. Kennarar eru ósammála eða mjög ósammála fullyrðingu um að þeir séu sáttir við launin sem þeir fá fyrir vinnu sína. Kennarar eru ósammála eða mjög ósammála því að þeir séu mikils metnir af stefnumótunaraðilum í landinu eða fjölmiðlum. Gildir það um Ísland og Norðurlöndin í heild.

EF FÉ VÆRI TIL RÁÐSTÖFUNAR, HVAÐ ÆTTI AÐ SETJA Í FORGANG?

Leitað var eftir álitum þátttakenda á því hvað þeir myndu setja í forgang ef ráðstöfunarfé til menntunar á unglingsstigi yrði aukið um 5%.

Tafla 33: Mat kennara á því hvað rétt væri að setja í forgang ef unnt yrði að auka ráðstöfunarfé til menntunar á unglingsstigi um 5%. Hlutfall (%) kennara sem telur tiltekið atriði mjög mikilvægt á Íslandi, Norðurlöndum, í OECD og TALIS-löndum að meðaltali.

	Ísland	Norðurlöndin	OECD	TALIS
Fjárfesta í upplýsinga- og samskiptatækni	31,4	21,8	35,4	39,7
Fjárfesta í kennslugögnum (t.d. kennslubókum)	11,4	19,9	31,0	34,7
Styðja við nemendur með erfiðan bakgrunn eða af erlendum uppruna	53,2	32,9	32,8	36,1
Minnka bekki/kennsluhópa með því að ráða fleira starfsfólk	60,8	58,4	65,4	62,6
Bæta skólahúsnæði og aðstöðu	37,4	36,8	48,7	52,8
Auka stuðning við nemendur með sérþarfir	60,9	46,5	46,8	49,3
Þjóða upp á starfsþróun í hæsta gæðaflokki	51,4	43,7	54,8	57,8
Bæta laun kennara	88,7	52,8	64,2	68,5
Ráða fleira starfsfólk til þess að létta undir með kennurum við ýmis konar umsýslu sem fylgir kennarastarfinu	45,6	41,6	54,6	54,9

Kennarar hér á landi myndu telja mjög mikilvægt að setja í forgang að bæta laun kennara, nánast 90% íslenskra kennara telja það brýnt en um helmingur kennara á Norðurlöndunum vill það. Þar á eftir telja íslenskir kennarar mikilvægt að styðja við nemendur með sérþarfir og nemendur með erfiðan bakgrunn eða af erlendum uppruna. Minnsta ástæðu telja þeir til þess setja fjárfestingu í kennslugögnum (t.d. kennslubókum) í forgang.

Í samanburði við Norðurlöndin viljum við frekar styðja við nemendur með erfiðan bakgrunn eða af erlendum uppruna.

FERÐALÖG VEGNA KENRARASTARFSINS

Spurt er hvort þátttakandi hafi komið til útlanda vegna kennarastarfsins eða í kennaranáminu.

Tafla 34: Hlutfall (%) kennara sem hefur einhvern tíma farið til útlanda vegna starfsins sem kennari eða í kennaranáminu í ýmsu samhengi, á Íslandi og Norðurlöndum.

	Ísland	Norðurlöndin
Sem nemandi, í tengslum við kennaranámið	21,5	25,0
Sem kennari í Evrópusamstarfi (t.d. Erasmus+ verkefni eða Comenius)	26,8	17,5
Sem kennari í svæðisbundnu verkefni eða á landsvísu	15,5	8,4
Sem kennari og þá skipulagt af skólanum mínum eða sveitarfélagi eða skólaskrifstofunni	62,9	33,7
Sem kennari að eigin frumkvæði	44,1	26,5

Nánast 2/3 hafa farið til útlanda í ferð sem er skipulögð af skólanum þeirra, sveitarfélagi eða skólaskrifstofu. Það er tvöfalt herra hlutfall en á Norðurlöndunum. Einnig hafa íslenskir kennarar farið oftar til útlanda vegna starfsins að eigin frumkvæði.

HVER VAR FAGLEGUR TILGANGUR FEDARINNAR?

Spurt var hver hefði verið faglegur tilgangur utanfararinnar.

Tafla 35: Hlutfall (%) kennara sem farið hafa til útlanda vegna starfsins í tilteknum erindagjörðum. Ísland og Norðurlöndin.

	Ísland	Norðurlöndin
Nám, hluti af kennaramenntun minni	38,0	44,5
Tungumálanám	17,5	28,4
Nám í öðrum greinum	30,4	29,0
Að fylgja skiptinemum	7,3	38,1
Að koma á tengslum við erlenda skóla	37,7	42,5
Kennsla	36,3	33,3
Annað	59,0	41,3

Flestir þeirra sem farið hafa til útlanda vegna starfsins sem kennarar eða í kennaranáminu hafa gert það í öðrum erindagjörðum en þeim sem tilgreind eru í fyrirframgefnum valmöguleikum. Um 38% hafa gert það sem hluta af kennaramenntun sinni. Fátítt er hér að ferðalögin tengist því að fylgja skiptinemum en það er algengt á Norðurlöndunum.

HVERSU LÖNG VAR DVÖLIN?

Spurt var einnig hversu lengi dvölin erlendis hefði staðið.

Tafla 36: Hversu löng var dvölin í útlöndum vegna starfsins? Hlutfall (%) kennara sem velur tiltekna tímalengd, á Íslandi og Norðurlöndum.

	Ísland	Norðurlöndin
Skemur en þrjá mánuði	90,9	79,8
Í þrjá til tólf mánuði	6,2	12,8
Í meira en ár	2,9	7,3

Í langflestum tilfellum var dvöl íslenskra kennara erlendis skemmri en 3 mánuðir. Á Norðurlöndunum er einnig oftast um stuttar heimsóknir að ræða en um 20% þeirra hafa þó dvalið í 3-12 mánuði eða lengur. Innan við 10% íslenskra kennara hafa dvalið lengur en 3 mánuði á ferðalögum erlendis vegna kennarastarfsins.

III. SKÓLASTJÓRAR Á UNGLINGASTIGI

KAFLI 8: ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM ALDUR, KYN, MENNTUN OG STARFSREYNSLU

Lagður var fyrir skólastjóra 26 blaðsíðna spurningalisti þar sem óskað var eftir almennum upplýsingum um skólann og skólastjóran, skólaforystu, skólabrag, nýliðabjálfun og leiðsögn, kennslu í fjölmenningsumhverfi og starfsánægju.

KYN

Spurt var um kyn skólastjóra. Í töflu má sjá hlutfall kvenskólastjóra á Íslandi og á öðrum Norðurlöndum.

Tafla 37: Hlutfall kvenskólastjóra á Íslandi og á öðrum Norðurlöndum.

	Konur
Ísland	60,4
Danmörk	35,4
Finnland	46,5
Noregur	53,7
Svíþjóð	68,7
Meðaltal	52,9

Hér á landi er næst hæsta hlutfall kvenskólastjóra á Norðurlöndunum eða 60,4%. Hæst er það í Svíþjóð, 68,7%, en lægst í Danmörku, 35,4%. Hlutfall kvenskólastjóra hefur enn hækkað hér á landi frá 2013, þegar það var um 55%, og árið 2008 var það um 49%. Á síðasta áratug hefur hlutfall kvenskólastjóra því hækkað um 11 prósentustig.

ALDUR

Meðalaldur skólastjóra hér á landi er 51,8 ár, áþekkt meðaltali Norðurlandanna sem er 51,2 ár og svipað því sem var 2013.

MENNTUN

Í töflu má sjá hvernig menntun skólastjóra skiptist eftir ISCED flokkunarkerfinu. Skipting í menntunarflokka hér á landi er mjög svipuð meðaltali Norðurlanda.

Tafla 38: Menntun skólastjóra á Íslandi, á Norðurlöndum, í OECD og TALIS löndum að meðaltali. Hlutfall (%) sem lokið hefur tilteknu menntunarstigi (ISCED-stigi).

	Ísland	Danmörk	Finnland	Noregur	Svíþjóð	Norðurlönd	OECD	TALIS
Lægra en ISCED 5	1,1	0,5	0,5	0,0	0,0	0,4	0,4	0,6
ISCED 5	0,0	0,0	0,0	0,0	3,4	0,7	25	2,9
ISCED 6	43,8	83,2	3,3	47,9	39,6	43,6	30,8	35,5
ISCED 7	55,1	15,8	93,0	52,1	55,4	54,3	62,8	57,3
ISCED 8	0,0	0,5	3,2	0,0	1,6	1,1	3,5	3,6

ISCED 5 eða lægra = t.d. Kennarapróf, ekki á háskólastigi, sveinspróf, iðnmeistarapróf, listnám, ekki á háskólastigi, verk- list-, tækni- eða starfsgreinamiðað háskólanám að hámarki um 2 ár, með eða án kennsluréttinda.

ISCED 6 = t.d. B.Ed., B.A., B.Sc. með eða án kennsluréttinda.

ISCED 7 = t.d. M.Ed., M.A., M.Sc. með eða án kennsluréttinda.

ISCED 8 = Doktorspróf.

Menntun skólastjóra er hér svipuð og á öðrum Norðurlöndum og TALIS löndum í heild

STARFSREYNSLA

Spurt var um starfsreynslu skólastjóra í árum, þ.e. starfstíma sem skólastjóri í þessum skóla og alls, í öðrum þáttum skólastjórnunar, sem kennari og við önnur störf. Samanburður við meðaltal Norðurlanda.

Tafla 39: Starfstími (ár) skólastjóra í þessum skóla, í starfi sem skólastjóri í þessum skóla og alls, í öðrum þáttum skólastjórnunar, sem kennari og við önnur störf. Samanburður við Norðurlönd.

	Ísland	Norðurlönd
Ár í starfi sem skólastjóri í þessum skóla	8,0	6,4
Ár í starfi sem skólastjóri alls	8,3	9,0
Ár í starfi í öðrum þáttum skólastjórnunar (ekki telja með árin sem þú hefur starfað sem skólastjóri)	4,8	4,2
Ár í starfi sem kennari alls (teldu með öll ár við kennslu)	12,6	13,7
Ár í öðrum störfum	4,6	4,2

Starfsreynsla skólastjóra hér á landi og á Norðurlöndunum er mjög svipuð. Að meðaltali hafa íslenskir skólastjórar starfað sem skólastjórar í 8,3 ár (8,9 á Norðurlöndunum). Í TALIS 2013 höfðu íslenskir skólastjórar lengri starfsaldur sem skólastjórar eða um 11 ár.

STARFSHLUTFALL

Spurt var um starfshlutfall skólastjóra og kennsluskyldu. Íslenskir skólastjórar eru þar mjög svipaðir meðaltali Norðurlanda en þó er mikill breytileiki milli landanna.

Tafla 40: Hlutfall (%) skólastjóra með tiltekið starfshlutfall með og án og kennsluskyldu á Íslandi og Norðurlöndum.

	Ísland	Danmörk	Finnland	Noregur	Svíþjóð	Norðurlönd meðaltal
Fullt starf (90% eða meira af fullu starfi) án kennsluskyldu	70,0	84,2	35,6	72,9	94,0	71,3
Fullt starf (90% eða meira af fullu starfi) með kennsluskyldu	28,0	14,9	59,5	20,7	3,2	25,3
Hlutastarf (allt að 90% af fullu starfi) án kennsluskyldu	0,0	0,8	3,7	1,6	1,3	1,5
Hlutastarf (allt að 90% af fullu starfi) með kennsluskyldu	2,0	0,0	1,2	4,8	1,4	1,9

NÁM SKÓLASTJÓRNENDA

Spurt var um formlega menntun skólastjórnenda á sviði skólastjórnunar, kennaramenntunar og kennslufræðilegrar forystu áður og eftir að þeir hófu störf sem skólastjórar.

Tafla 41: Nám skólastjóra á sviði skólastjórnunar, kennslu og kennslufræðilegrar forystu. Hlutfall (%) skólastjóra sem hlotið hefur menntun á tilteknum sviðum fyrir, á eftir, bæði fyrir og eftir að þeir hófu störf sem skólastjórar, eða hefur ekki hlotið slíka menntun. Ísland og Norðurlönd.

		Fyrir	Eftir	Fyrir og eftir	Nei
Skólastjórnun eða þjálfun fyrir skólastjóra	Ísland	23,7	29,9	21,7	24,6
	Norðurlönd	36,3	31,6	17,8	14,2
Kennaraþjálfun/ kennaramenntun	Ísland	89,6	0,0	5,2	5,2
	Norðurlönd	92,3	0,7	2,4	4,7

Námskeið eða þjálfun í kennslufræðilegri forystu	Ísland	29,0	20,4	34,4	16,1
	Norðurlönd	31,1	26,5	24,9	15,6

Hærra hlutfall skólustjóra hér á landi segist enga menntun hafa hlotið í skólustjórnun eða þjálfun fyrir skólustjóra, áður en þeir urðu skólustjórar, í samanburði við Norðurlöndin.

KAFLI 9: STARFSÞRÓUN: ÞÖRF OG HINDRANIR

Spurt var um starfsþróun skólustjóra. Starfsþróunarverkefni voru skilgreind sem viðfangsefni eða verkefni sem miða að því að þroska faglega færni og þekkingu einstaklingsins. Skólustjórar voru beðnir um að tilgreina hvort þeir hefðu tekið þátt í tilteknum verkefnum af því tagi, ætluðum þeim sem skólustjórum á síðastliðnum 12 mánuðum.

Tafla 42: Hlutfall (%) skólustjóra sem hefur, á síðastliðnum 12 mánuðum, tekið þátt í tilteknum starfsþróunarverkefnum sem voru ætluð henni eða honum sem skólustjóra. Ísland, Norðurlönd, OECD og TALIS-löndin.

Starfsþróunarverkefni	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Námskeiðum/málstofum um faggreinar, kennsluaðferðir eða uppeldisfræðileg viðfangsefni	77,3	66,3	72,0	74,1
Námskeiðum/málstofum um stjórnun/forystu	79,6	79,9	72,7	73,6
Námskeiðum/málstofum þar sem þátttakendur mæta á fundarstað	83,5	69,5	77,4	78,2
Námskeiðum/málstofum á netinu	39,8	32,0	35,9	38,3
Ráðstefnum um menntamál þar sem kennarar, skólustjórar og/eða rannsakendur kynna rannsóknir sínar eða ræða menntamál	89,8	77,4	74,6	72,7
Formlegu námi (t.d. námi sem lýkur með prófgráðu)	8,2	17,9	15,7	17,9
Jafningjaþjálfun og/eða sjálfskoðun með formlegu fyrirkomulagi	44,9	33,1	47,2	50,8
Þátttöku í tengslaneti skólustjóra sem myndað hefur verið sérstaklega fyrir starfsþróun skólustjóra	73,5	64,4	61,0	61,6
Lestri á starfstengdu fagefni	84,7	91,0	86,8	85,5
Annað	38,6	37,1	43,4	47,1

Hærra hlutfall skólustjóra á Íslandi hefur sótt námskeið um faggreinar, kennsluaðferðir eða uppeldisfræðileg viðfangsefni en á Norðurlöndunum í heild. Þetta á einnig við um málstofur/námskeið þar sem þátttakendur mæta á fundarstað, ráðstefnur um menntamál og jafningjaþjálfun eða sjálfskoðun með formlegu fyrirkomulagi. Hærra hlutfall skólustjóra á Norðurlöndum hefur, á síðastliðnum 12 mánuðum, sótt formlegt nám sem lýkur með prófgráðu. Í samanburði við OECD og TALIS-löndin er mun meiri þátttaka hér, að meðaltali, í ráðstefnum um menntamál. Og þátttaka í tengslaneti skólustjóra um starfsþróun. Á hinn bóginn tókum við minni þátt í formlegu námi sem lýkur með prófgráðu.

ÞÖRF FYRIR STARFSÞRÓUN

Skólustjórar voru spurðir hversu mikla þörf þeir hefðu núna fyrir starfsþróun á tilteknum sviðum.

Tafla 43: Þörf skólustjóra fyrir starfsþróun á tilteknum sviðum á Íslandi, á Norðurlöndum, í OECD og TALIS-þátttökulöndum. Hlutfall (%) skólustjóra sem telur sig hafa mikla þörf fyrir starfsþróun á tilteknum sviðum.

	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Þekking og skilningur á nýjungum í rannsóknum og kenningum á sviði stjórnunar	4,2	5,5	14,3	18,0
Þekking og skilningur á núverandi menntastefnu ríkis og sveitarfélaga	6,4	5,6	16,0	19,0
Nýting raungagna til þess að auka gæði skólans	10,6	10,1	23,9	27,7
Gerð skólanámskrár	5,4	8,2	17,7	21,8
Mótun starfsþróunar fyrir eða með kennurum	13,7	10,8	20,4	24,0
Að fylgjast með kennslu í kennslustofunni	25,5	12,7	15,1	17,7
Að veita endurgjöf sem skilar árangri	28,7	15,1	19,4	21,7
Að efla jöfnuð og fjölbreytileika	11,6	5,3	12,6	15,5
Að efla samvinnu kennara	20,4	16,5	26,0	28,0
Mannauðsstjórnun	18,9	11,8	20,9	24,1
Fjármálastjórnun	18,9	15,7	22,7	26,1

Þörf skólustjóra fyrir starfsþróun hér á landi er meiri en á Norðurlöndunum á ýmsum sviðum, þ.á m. varðandi það að fylgjast með kennslu í kennslustofunni. Einnig telja íslenskir skólustjórar sig hafa nokkra þörf á starfsþróun um það hvernig eigi að veita endurgjöf sem skilar árangri, að efla samvinnu kennara, mannauðsstjórnun, nýtingu raungagna til þess að auka gæði skólans o.fl.

STARFSÞRÓUN: MÖGULEGAR HINDRANIR

Skólustjórar voru spurðir um hvað gæti orðið hindrun á vegi þeirra til frekari starfsþróunar.

Tafla 44: Mögulegar hindranir á vegi skólustjóra til frekari starfsþróunar, að mati skólustjóra á Íslandi 2018 og 2013, á Norðurlöndum, í OECD og TALIS löndum. Hlutfall (%) skólustjóra sem er sammála eða mjög sammála því að nefnd atriði gætu hindrað starfsþróun.

	Ísland	Norðurlönd	Ísland 2013	OECD	TALIS
Ég stenst ekki forkröfur (t.d. hæfniskröfur, reynslu, starfsaldur).	0	2,6	6,5	6,5	6,9
Þjálfun er of dýr.	21,9	27,0	27,1	34,6	33,2
Ég fæ ekki stuðning frá vinnuveitanda mínum.	10,3	10,7	14,0	20,7	22,0
Þjálfunin rekst á við vinnutíma minn.	66,0	54,2	56,1	47,9	45,6
Ég hef ekki tíma vegna skuldbindinga gagnvart fjölskyldunni.	26,8	20,9	22,4	17,7	17,9
Það er engin viðeigandi þjálfun í boði.	29,9	18,1	16,8	27,2	15,4
Það er enginn hvati til að taka þátt í slíkum verkefnum.	38,1	23,0	29,0	34,5	35,6

Einkum sjá skólastjórar mögulegar hindranir í því að þjálfun geti rekist á við vinnutíma. Þetta var einnig algengasta hindrunin í TALIS 2013. Almennu eru hindranir ekki metnar miklar. Nefnt er þó oftár hér á landi en á Norðurlöndunum almennt, að það skorti hvata til að taka þátt í starfsþróunarverkefnum, að engin viðeigandi þjálfun sé í boði.

Samanburður við TALIS 2013 sýnir að færri skólastjórar telja nú að þeir standist ekki forkröfur, að þjálfunin sé of dýr eða að þeir fái ekki stuðning vinnuveitenda til þess að stunda starfsþróunina. Á hinn bóginn finnst fleirum nú að þjálfunin rekist á við vinnutíma, tíma með fjölskyldunni, að það skorti hvata til þess að taka þátt í slíkum verkefnum og að það sé engin viðeigandi þjálfun í boði. Varðandi þetta síðasta atriði, þá er breytingin mest þar. Um tvöfalt fleiri telja nú að engin viðeigandi þjálfun sé í boði (um 30%, var 17%).

KAFLI 10: ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM SKÓLANN

Tafla 45: Meðalfjöldi einstaklinga sem vinnur tiltekin störf í skólanum, Ísland og Norðurlönd.

	Ísland	Norðurlönd
Kennarar , án tillits til þeirra bekkjardeilda eða aldurs sem þeir kenna Þeir sem hafa að aðalstarfi í þessum skóla að veita nemendum kennslu	30,3	31,8
Starfsfólk í stuðningskennslu , án tillits til bekkjardeilda eða aldurs sem þeir styðja Hér teljast með allir aðstoðarkennarar, skólaliðar eða annað starfsfólk sem er ekki kennarar en veitir kennslu eða styður kennara við að veita kennslu, einnig sérfræðingar í námskrágerð eða kennslu, sérfræðingar í miðlun námsefnis, sálfræðingar og hjúkrunarfræðingar	10,4	9,3
Skrifstofufólk við skólann Hér teljast með móttökustjórar, ritarar og aðstoðarfólk stjórnenda	1,2	2,1
Stjórnendur skólans Hér teljast með skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og aðrir stjórnendur sem hafa stjórnun eða rekstur að aðalverksviði	3,0	2,9
Annað starfsfólk	7,8	4,2

Meðalfjöldi kennara á Íslandi í hverjum skóla er um 30 sem er mjög svipað Norðurlöndunum. Gildir það einnig um flest önnur störf í skólunum (starfsfólk við stuðningskennslu, skrifstofustörf og stjórnun). Helsti munurinn er milli fjölda starfsfólks við önnur störf. Hér á landi eru að meðaltali rúmlega 9 starfsmenn við önnur störf í skólunum, en tæplega 5 starfsmenn á Norðurlöndum.

Í samanburði við TALIS 2013 hefur kennurum og öðru starfsfólki við skólana fjölgað nokkuð, e.t.v. vegna sameiningar skóla að hluta og eru þeir nú svipaðir að stærð og skólar á Norðurlöndunum að meðaltali hvað varðar fjölda kennara og annarra starfsmanna.

FJÖLDI NEMENDA VIÐ SKÓLANN

Að meðaltali eru 286,3 nemendur við nám í skólum sem kenna á unglिंगastigi. Talan rúmar alla nemendur við þessa skóla, þ.e. fjölda nemenda í öllum bekkjum og aldurshópum.

Tafla 46: Meðalfjöldi nemenda í öllum bekkjum/aldurshópum í skólum sem kenna á unglिंगastigi á Íslandi og Norðurlöndum.

	Ísland	Danmörk	Finnland	Noregur	Svíþjóð	Meðaltal Norðurlanda
Fjöldi nemenda	286,8	423,2	389,2	222,9	323,0	329,0

Fjöldi nemenda í Íslenskum skólum sem kenna á unglिंगastigi, oftast auk annarra námsstiga, er nokkuð minni að meðaltali en meðaltal samsvarandi skóla á Norðurlöndunum. Aðeins í Noregi eru færri nemendur að meðaltali í slíkum skólum, eða um 223 nemendur. Fjölmennustu skólarnir eru í Danmörku með rúmlega 423 nemendur að meðaltali.

Fjöldi nemenda í hverjum skóla hér á landi hefur þó aukist nokkuð frá 2013, þegar hann var um 250 á hvern skóla.

SAMSETNING NEMENDAHÓPSINS

Í rannsókninni var spurt hve hátt hlutfall nemenda á unglिंगastigi væri með annað móðurmál en íslensku, hlutfall nemenda með sérþarfir, hlutfall nemenda sem kæmu frá efnahagslega- eða félagslega illa stöddum heimilum, hlutfall innflytjenda eða af erlendum uppruna og hlutfall flóttamanna í hópi nemenda á unglिंगastigi í skólanum.

Útskýrt var í spurningalistanum að með **sérþörfum** væri átt við nemendur sem hafa hlotið formlega greiningu á þörf sinni fyrir sérkennslu vegna þess að þeir væru andlega, líkamlega eða tilfinningalega illa staddir. Til nánari skilgreiningar var einnig tilgreint að það væri oft vegna þessara nemenda sem viðbótarúrræði hefðu fengist frá hinu opinbera eða einkaaðilum (starfsfólk, námsgögn eða fjármunir) til að styðja við nám þeirra.

„Efnahagslega-og félagslega illa stödd“ heimili vísar til heimila sem skortir helstu nauðsynjar eða grunnaðstöðu, svo sem viðundandi húsnæði, mat eða læknisþjónustu.

„Flóttamenn“ eru þeir sem flýja land og leita hælís vegna stríðsátaka, pólitískrar skoðanakúgunar, trúarlegra ofsókna eða náttúruhamfara, óháð lagalegri stöðu þeirra.

Tafla 47: Hlutfall skólastjóra (%) sem telur tiltekið hlutfall nemenda á unglिंगastigi vera með annað móðurmál, sérþarfir eða vera frá efnahagslega- eða félagslega illa stöddum heimilum.

Yfir 10% nemenda hafa annað móðurmál en tungumálið sem kennslan fer fram á	Ísland	34,4
	Norðurlönd	27,9
Yfir 10% nemenda eru með sérþarfir	Ísland	56,5
	Norðurlönd	43,0
Yfir 30% nemenda eru frá heimilum sem standa illa félagslega eða efnahagslega	Ísland	1,3
	Norðurlönd	5,1
Yfir 10% nemenda eru innflytjendur eða af erlendum uppruna	Ísland	28,3
	Norðurlönd	25,4
A.m.k. 1% nemenda er flóttamenn	Ísland	22,2
	Norðurlönd	50,3

Þótt ekki sé spurt nákvæmlega um fjölda nemenda með þessi einkenni, heldur um hlutfall nemenda í skólanum á nokkuð víðu bili, þá benda svörin til þess að nokkru hærra hlutfall skóla hér á landi sé með nemendur með annað móðurmál eða með sérþarfir, í samanburði við Norðurlöndin, en lægra hlutfall með nemendur frá félagslega- eða efnahagslega illa stöddum heimilum. Hærra hlutfall flóttamanna er á Norðurlöndunum en á Íslandi.

Fjöldi nemenda með sérþarfir er svipaður því sem var í TALIS 2013, samkvæmt tölum frá skólastjórum, en nemendum með annað móðurmál virðist hafa fjölgað.

SKÓLAFORYSTA

Lagðar voru fyrir skólastjóra nokkrar spurningar sem lutu að skólaforystu, m.a. hve mikill tími færi í ólík verk.

Tafla 48: Hlutfall tímans í starfi skólastjóra sem fer í tiltekin verk að meðaltali yfir skólaárið, á Íslandi og á Norðurlöndum.

	Ísland	Norðurlönd
Stjórnsýsluverkefni og fundahöld þ.á m. vinna við mótun reglna, skýrslur, fjárhagsáætlun skólans, gerð stundarskráa og skipan í bekk, ásamt því að svara erindum frá ríki, sveitarfélagi eða öðrum opinberum aðila á sviði menntamála	25,3	32,0
Forystuverkefni og fundahöld þ.á m. vinna við stefnumótun, forystu- og stjórnunaraðgerðir eins og að þróa áætlanir um umbætur varðandi skóla og mannauðsmál og starfsmannamál svo sem að ráða starfsfólk	20,5	23,6
Verkefni og fundir sem lúta að námskrárgerð og kennslu Hér teljast með námskrárþróun, kennsla, eftirlit með kennslustundum, mat á nemendum, leiðsögn kennara, fagleg þróun kennara	13,5	12,9
Samskipti við nemendur þ.á m. ráðgjöf og samtöl utan við skipulögð skólaverkefni, agi	16,0	12,1
Samskipti við foreldra eða forráðamenn Bæði formleg og óformleg samskipti	11,3	9,7
Samskipti við samfélagið á staðnum eða í sveitarfélaginu, fyrirtæki og atvinnugreinar	7,0	5,8
Annað	6,4	4,1

Nokkuð minni tími virðist fara í stjórnsýsluverkefni hjá skólastjórum á Íslandi í samanburði við skólastjóra á Norðurlöndunum. Breytileikinn milli skóla er þó mikil. Að sama skapi er tími sem fer í samskipti við nemendur aðeins meiri hér á landi.

Hlutfall tímans sem fer nú í verkefni og fundi sem lúta að námskrárgerð og kennslu er örlítið minna en það var í TALIS 2013. Tíminn sem fer í samskipti við nemendur er einnig minni. Munurinn er ekki mikill.

Í samanburði við önnur lönd, sem ekki eru sýnd hér, má benda á að tíminn sem fer í stjórnsýsluverkefni hefur aukist nánast í öllum þáttökulöndum TALIS, hér á landi um 5,3 prósentustig frá 2013.

KAFLI 11: SKÓLABRAGUR

Skólastjórar voru beðnir um að taka afstöðu til nokkurra fullyrðinga sem lýstu því hversu auðvelt væri að innleiða nýjar hugmyndir í skólanum.

Tafla 49: Mat skólastjóra á sveigjanleika skólans varðandi nýjungar og viðbrögð við breyttum aðstæðum. Hlutfall (%) skólastjóra sem er sammála eða mjög sammála hverri fullyrðingu.

	Ísland	Norðurlönd
Í þessum skóla eru fljótt borin kennsl á þörfina á að gera hlutina öðruvísi.	89,2	86,5
Í þessum skóla er hratt brugðist við breyttum aðstæðum þegar þörf er á.	90,3	87,6
Í þessum skóla er fúslega tekið við nýjum hugmyndum.	93,5	87,7
Í þessum skóla er aðstoð fúslega veitt við þróun nýrra hugmynda.	94,6	90,4

Skólastjórar á Íslandi og á Norðurlöndum virðast sammála öllum jákvætt orðuðum fullyrðingum um viðbrögð við breyttum aðstæðum og nýjum hugmyndum í skólanum, meira á Íslandi en á Norðurlöndum.

Spurt var hvort tiltekin atriði gætu komið í veg fyrir að skólinn veitti vandaða fræðslu.

Tafla 50: Hlutfall (%) skólastjóra sem telur að tiltekin atriði geti komið í veg fyrir að skólinn veiti vandaða fræðslu. Ísland, Norðurlönd, OECD og TALIS-löndin.

	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Skortur á réttindakennurum	6,5	9,6	21,0	22,2
Skortur á kennurum með hæfni til að kenna nemendum með sérþarfir	12,9	21,8	32,1	31,2
Skortur á kennurum í starfsmiðuðum verknámsgreinum	15,1	10,6	15,6	19,0
Skortur á kennsluefni eða ófullnægjandi kennsluefni (t.d. kennslubækur)	5,4	5,9	12,9	15,6
Skortur á tölum eða ófullnægjandi tölvukostur til að nota í kennslu (t.d. hugbúnaður, tölvur, spjaldtölvur, gagnvirkar kennslutölfur)	5,4	11,9	24,6	28,1
Ófullnægjandi aðgangur að interneti	3,2	6,6	19,2	22,8
Ófullnægjandi bókasafnsþjónusta	3,3	7,7	15,	19,4
Skortur á stuðningsstarfsfólki eða aðstoðarfólki	3,3	16,0	32,6	30,8
Skortur á eða ófullnægjandi kennslusvæði (t.d. kennslustofur)	14,0	16,3	25,0	26,6
Skortur á eða ófullnægjandi húsakynni (t.d. skólahúsgögn, skólabyggingar, upphitun og loftkæling, lýsing)	12,9	17,1	25,5	27,1
Skortur á kennurum sem hæfir eru til að kenna nemendum í fjölmenningslegu eða fjöltyngdu umhverfi	17,2	12,4	20,3	21,2
Skortur á kennurum sem hæfir eru til að kenna nemendum frá heimilum sem standa illa félagslega eða efnahagslega	7,5	7,8	17,2	17,9
Skortur á kennsluefni eða ófullnægjandi kennsluefni í starfsmiðuðum verknámsgreinum	11,8	9,0	18,1	20,9
Of lítil eða ófullnægjandi tími til þess að veita kennslufræðilega forystu	38,7	37,1	31,9	29,7
Of lítil eða ófullnægjandi tími með nemendum	11,8	20,2	25,1	23,6

Á heildina litið telja íslenskir skólastjórar ekki að mörg atriði geti komið í veg fyrir að skólinn veiti vandaða fræðslu, í samanburði við skólastjóra á Norðurlöndunum. Þeir telja þó að of lítill tími sé til þess að veita kennslufræðilega forystu.

HEGÐUN NEMENDA OG SAMSKIPTI

Spurt var um neikvæða þætti í hegðun nemenda í skólanum.

Tafla 51: Hegðun nemenda í skólanum. Hlutfall (%) skólastjóra sem telur að tiltekin atriði eigi sér stað a.m.k. vikulega í skólanum. Samanburður við Norðurlönd, OECD og TALIS-lönd.

	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Skemmdarverk og þjófnaður	0,0	2,8	2,7	3,0
Ógnanir eða einelti í nemendahópnum (eða annars konar andlegt ofbeldi).	2,2	15,4	14,3	13,1
Líkamsmeiðingar vegna ofbeldis meðal nemenda.	0,0	1,0	2,0	2,1
Ógnanir eða svívirðingar gagnvart kennurum eða starfsfólki.	0,0	4,6	3,1	2,8
Notkun eða varsla fíkniefna og/eða áfengis.	2,2	0,8	1,0	1,5
Nemandi eða foreldri/forráðamaður tilkynnir um særandi upplýsingar um nemendur sem hafa verið settar á netið.	0,0	1,3	2,5	2,0
Nemandi eða foreldri/forráðamaður tilkynnir um óæskileg rafræn samskipti milli nemenda (t.d. í gegnum smáskilaboð, tölvupóst, á netinu).	1,1	1,8	3,4	2,7

1=aldrei; 2=sjaldnar en mánaðarlega; 3=mánaðarlega; 4=vikulega; 5=daglega

Um flest þessi atriði er Ísland svipað eða betur stætt en Norðurlöndin að meðaltali. Ógnanir eða svívirðingar gagnvart starfsfólki virðast sjaldgæfari hér á landi en á Norðurlöndunum.

KAFLI 12: NÝLIÐAÞJÁLFUN OG LEIÐSÖGN

Sérstakur kafli í spurningalistanum fjallaði um nýliðaþjálfun og leiðsögn, þ.e. tilsögn og aðstoð við kennara. Í spurningalistanum var útskýrt að með „nýliðaþjálfun“ væri átt við viðleitni til þess að styðja við bakið á nýjum kennurum þegar þeir eru að stíga sín fyrstu skref innan greinarinnar og til að styðja við reynslumeiri kennara sem eru nýráðnir við skólann. Nýliðaþjálfun getur verið formlega skipulögð dagskrá eða verkáætlun eða falið í sér óformlega röð laustengdra viðfangsefna.

Einnig var útskýrt hvað átt væri við með „leiðsögn“. Fram kom að leiðsögn væri skilgreind sem skipulagður stuðningur í skólum þar sem reyndur kennari styður kennara með minni reynslu. Þetta fyrirkomulag gæti náð til allra kennara í skólanum eða aðeins til nýrri kennara.

Spurt var hvort fylgt væri formlegu verklagi í skólanum varðandi nýliðaþjálfun.

Tafla 52: Hlutfall (%) skólastjóra í hverju landi sem segir að nýliðar fái formlega nýliðaþjálfun og/eða óformlega tilsögn og aðstoð. Ísland og Norðurlönd.

	Ísland	Danmörk	Finnland	Noregur	Svíþjóð	Meðaltal Norðurlanda
Nýir kennarar hljóta formlega nýliðaþjálfun	27,8	56,6	57,1	42,3	65,6	49,9
Nýir kennarar hljóta óformlega tilsögn og aðstoð	89,1	78,6	93,6	64,6	76,3	80,4

Á Íslandi er minna um formlega nýliðaþjálfun en í samanburðarlöndunum á Norðurlöndum. Hins vegar er óformleg tilsögn og aðstoð í hærra lagi miðað við hin löndin.

Spurt var hvort allir nýir kennarar við skólann fengju formlega nýliðaþjálfun eða hvort aðeins kennarar sem eru að hefja sinn kennsluferil fengju slíka þjálfun.

Tafla 53: Hlutfall (%) skólastjóra sem sagði að a) allir nýir kennarar við skólann fengju nýliðaþjálfun og b) aðeins kennarar sem eru að hefja sinn kennsluferil fengju nýliðaþjálfun. Ísland og Norðurlönd.

	Ísland	Danmörk	Finnland	Noregur	Svíþjóð	Meðaltal Norðurlanda
Allir kennarar sem eru nýir í skólanum	53,6	91,2	100	44,8	80,8	74,1
Aðeins kennarar sem eru að hefja sinn kennsluferil	46,4	8,8	0,0	55,2	19,2	25,9

Í um helmingi íslenskra skóla á unglingastigi er nýliðaþjálfunin veitt öllum nýjum kennurum við skólann, en í tæpum helmingi fá aðeins kennarar sem eru að hefja sinn kennaraferil slíka þjálfun.

Spurt var um það í hverju nýliðaþjálfunin fælist.

Tafla 54: Inntak nýliðabjálfunar á Íslandi og Norðurlöndunum. Hlutfall (%) skólastjóra sem segja tiltekin atriði vera hluta af nýliðabjálfun við skólann.

	Ísland	Danmörk	Finnland	Noregur	Svíþjóð	Meðaltal Norðurlanda
Námskeið/málstofur þar sem þátttakendur mæta á fundarstað	40,9	59,1	13,7	55,5	32,5	40,3
Námskeið/málstofur á netinu	9,1	2,2	2,5	7,3	10,8	6,4
Samstarf í gegnum tölvur (t.d. netsamfélag)	13,8	5,0	5,8	5,7	12,2	8,5
Skipulagðir fundir með skólastjóra og/eða reyndum kennurum	81,8	99,2	87,2	88,9	95,4	90,5
Leiðsögn skólastjóra og/eða reyndra kennara	95,5	83,8	37,8	95,1	93,8	81,2
Tengslanet/samvinna við aðra nýja kennara	54,6	52,0	83,8	70,5	54,3	63,0
Teymiskennsla með reyndum kennurum	80,5	52,3	21,3	80,8	51,2	57,2
Ritun dagbóka, efni safnað í vinnumöppur	6,9	6,8	1,2	5,5	36	4,8
Minni kennsluskylda	86,4	66,0	2,4	73,9	10,8	47,9
Kynning á almennu starfi, stjórnun og skipulagi innan skólans	90,0	85,7	97,3	87,9	97,8	91,9

Í samanburði við TALIS 2013 er nú meiri áhersla á námskeið/málstofur hér á landi. Einnig er meira núna um nýliðabjálfun í formi skipulagðra funda með skólastjóra eða reyndum kennurum og samkennslu með reyndum kennurum. Spurt var hvort og hvaða kennarar hefðu aðgang að leiðsögn. Áttu skólastjórar að merkja við eitt af fjórum atriðum sem lýstu því hverjir hefðu aðgang að leiðsögn.

Tafla 55: Aðgangur kennara (%) að leiðsögn af tilteknu tagi, að mati skólastjóra. Ísland og Norðurlönd.

	Ísland	Norðurlönd
Aðeins kennarar sem eru nýir í kennslu, þ.e. í fyrsta kennarastarfi sínu.	28,0	23,6
Allir kennarar sem eru nýir í þessum skóla hafa aðgang.	17,2	30,5
Allir kennarar í þessum skóla hafa aðgang.	33,3	10,5
Sem stendur er engin leiðsagnaráætlun fyrir kennara í þessum skóla.	21,5	35,4

Algengara er á Íslandi en á Norðurlöndunum, að mati skólastjóra, að allir kennarar hafi aðgang að leiðsögn, ekki aðeins þeir sem nýir eru. Í TALIS 2013 var það aðeins í 7,7% tilfella, að engin leiðsagnaráætlun var fyrir kennara í þessum skóla sem stendur en nú er það 21,5%. Kannað var hvort sá eða sú sem veitti leiðsögnina kenndi sömu aðalkennslugrein og sá eða sú sem nyti leiðsagnarinnar.

Tafla 56: Hlutfall (%) skólastjóra sem segir aðalnámsgreinar leiðbeinandans vera þær sömu og kennarans sem nýtur leiðsagnarinnar, á Íslandi og á Norðurlöndum.

	Ísland	Norðurlönd
Oftast	51,4	53,8
Stundum	45,8	41,7
Sjaldan eða aldrei	2,8	4,6

Hér eru niðurstöður mjög samhljóða fyrir Ísland og Norðurlöndin. Rúmur helmingur skólastjóra segir leiðsagnaraðila oftast kenna sömu grein(ar) og sá sem nýtur leiðsagnarinnar.

MIKILVÆGI LEIÐSAGNAR

Spurt var hvernig skólastjóri mæti almennt mikilvægi leiðsagnar fyrir kennara og skólann.

Tafla 57: Mikilvægi tiltekinna markmiða leiðsagnar á Íslandi í samanburði við Norðurlöndin. Hlutfall (%) skólastjóra sem segir tiltekið markmið leiðsagnar mjög mikilvægt.

	Ísland	Norðurlönd
Til að bæta hæfni kennarans við kennslu	64,4	42,4
Til að styrkja faglega vitund kennarans	62,5	43,9
Til að bæta samstarf kennara við starfsfélaga sína	58,9	55,1
Til að styðja lítt reynda kennara í kennslustarfinu	75,3	66,9
Til að víkka út þekkingu kennara á aðalnámsgrein(um) þeirra	50,7	26,0
Til að bæta almenna frammistöðu nemenda	65,8	34,9

Á Íslandi og Norðurlöndum telja skólastjórar alla ofangreinda þætti leiðsagnar mikilvæga fyrir kennara og skóla. Mikilvægið er þó almennt talið meira hér á landi, m.a. til þess að víkka þekkingu kennara á aðalnámsgrein þeirra, styrkja faglega vitund kennarans, bæta hæfni hans við kennslu og bæta almenna frammistöðu nemenda. Minni munur er á milli Íslands og Norðurlanda varðandi leiðsagnarmarkmið eins og að bæta samstarf kennara, styðja við lítt reynda kennara.

KAFLI 13: KENNSLA Í FJÖLMENNINGARLEGU UMHVERFI

Spurt var um stefnumál skóla og starfshætti varðandi fjölbreytileika meðal nemenda og fjölmenningu. Með „fjölbreytileika“ var átt við það að gera sér grein fyrir mismunandi uppruna nemenda og starfsfólks og sýna því skilning. Með „fjölmenningu“ er aðallega verið að vísa til menningar- eða þjóðareinkenna.

Spurt var fyrst hvort nemendur skólans væru af fleiri en einu menningar- eða þjóðarbroti.

Var það mjög svipað á Íslandi og á Norðurlöndum, eða í um 90% tilvika.

Spurt var um stefnur og starfshætti viðvíkjandi fjölbreytileika nemenda.

Tafla 58: Hlutfall (%) skólastjóra sem segir að tiltekinni stefnu og starfsháttum sé fylgt varðandi fjölbreytileika nemenda. Ísland, Norðurlönd, OECD og TALIS-löndin.

	Ísland	Danmörk	Finnland	Noregur	Svíþjóð	Meðaltal Norðurl.	OECD	TALIS
Skólinn styður við starfsemi eða samtök sem hvetja nemendur til að tjá ólíka menningu eða þjóðarvitund sína (t.d. í listrænu starfi).	48	24	36	16	32	31	61	70
Fjölmenningarlegir viðburðir eru skipulagðir (t.d. dagur tileinkaður menningarlegum fjölbreytileika).	44	17	51	22	36	34	55	64
Nemendum er kennt hvernig eigi að bregðast við mismunun á grundvelli þjóðernis eða menningarlegs uppruna.	77	27	84	61	81	66	80	83
Teknir eru upp kennsluhættir sem miða að því að flétta alþjóðleg viðfangsefni inn í öll svið námskrárinnar.	38	70	94	88	93	77	80	80

Hlutfall (%) námundað að heilum tölum.

Mikill meirihluti skólastjóra á Íslandi (77%) segir að nemendum sé kennt hvernig eigi að bregðast við mismunun á grundvelli þjóðernis eða menningarlegs uppruna. Tæpur helmingur segir að skólinn styðji við starfsemi eða samtök sem hvetja nemendur til að tjá ólíka menningu eða þjóðarvitund sína. Þetta getur t.d. verið í listrænu starfi eða á fjölmenningarlegum viðburðum.

Umtalsvert minna er um það hér á landi, að teknir séu upp kennsluhættir sem miða að því að flétta alþjóðleg viðfangsefni inn í öll svið námskrárinnar, miðað við það sem skólastjórar á Norðurlöndunum segja að gert sé í þeirra skólum.

Spurt er hvaða reglum og starfsháttum sé fylgt í skólanum til þess að komast hjá mismunun af ýmsu tagi.

Tafla 59: Hlutfall (%) skólastjóra sem segir að skýrum reglum og starfsháttum sé fylgt gegn kynjamismunun og mismunun gagnvart fólki af ólíkri þjóðfélagsstöðu. Ísland, Norðurlönd, OECD og TALIS-lönd.

	Ísland	Danmörk	Finnland	Noregur	Svíþjóð	Meðaltal Norðurlanda	OECD	TALIS
Nemendum kennt að vera umburðarlyndir gagnvart fólki af öllum þjóðfélagsstigum	100	84	96	95	83	92	93	93
Skýrum reglum fylgt gegn kynjamismunun	92	-	95	74	79	85	80	79
Skýrum reglum fylgt gegn mismunun vegna þjóðfélagsstöðu	85	-	76	73	49	71	75	76
Sérstakur stuðningur veittur nemendum sem búa við bág kjör	71	71	40	45	50	55	80	83

Hlutfallið (%) námundað að heilum tölum. Tvær tölur vantar fyrir Danmörk.

Almennt telja skólastjórar hér á landi að skólar þeirra fylgi reglum og starfsháttum skýrt eftir varðandi alla ofangreinda þætti, þ.e. umburðarlyndi gagnvart fólki af öllum þjóðfélagsstigum, reglum varðandi kynjamismunun, mismunun vegna þjóðfélagsstöðu, og að stuðningur sé veittur nemendum sem búa við bág kjör.

Skólastjórar voru spurðir hversu marga kennara þeir teldu sammála tilteknum fullyrðingum um mikilvægi þess að vera opinn gagnvart mismunandi menningarlegum bakgrunni nemenda og ólíku gildismati því fylgjandi, mikilvægi þess að kenna nemendum að bera virðingu fyrir ólíkum menningarheimum og kenna þeim að fólk af mismunandi uppruna eigi margt sameiginlegt.

Tafla 60: Hlutfall (%) skólastjóra sem telur að allir eða nánast allir kennarar við skólann yrðu sammála fullyrðingum um mikilvægi þess að nemendur séu móttækilegir fyrir ýmsum atriðum varðandi fólk af ólíkum uppruna og menningarheimum.

	Ísland	Norðurlöndin
Það er mikilvægt að vera móttækilegur þegar menningarlegur bakgrunnur nemenda er mismunandi.	77,4	64,5
Það er mikilvægt að nemendur læri að fólk af mismunandi uppruna geti haft mismunandi gildismat.	79,4	68,5
Börn og unglingar ættu að læra að virða aðra menningarheima eins snemma og hægt er.	82,8	75,1
Börn og unglingar ættu að læra að fólk af mismunandi uppruna á margt sameiginlegt.	82,8	73,1

Íslenskir skólastjórar og skólastjórar á Norðurlöndunum telja mjög margir að hátt hlutfall kennara myndi vera sammála ofangreindum fullyrðingum varðandi mikilvægi þess að vera opinn fyrir einkennum mismunandi menningarheima.

Skólastjórar voru einnig spurðir hversu marga kennara við skólann þeir teldu sammála fullyrðingum varðandi baráttu gegn kynjamismunun og mismunun gagnvart fólki af ólíkum þjóðfélagsstigum.

Tafla 61: Hlutfall (%) skólastjóra sem telur að margir, allir eða nánast allir kennarar við skólann myndu vera sammála eftirfarandi fullyrðingum varðandi mismunun.

	Ísland	Norðurlöndin
Skólar ættu að hvetja nemendur af mismunandi þjóðfélagsstigum til þess að vinna saman.	97,8	94,5
Nemendur ættu að læra hvernig forðast á kynjamisrétti.	98,7	97,9
Það er mikilvægt að koma eins fram við nemendur af báðum kynjum.	100	98,9
Það er mikilvægt að koma eins fram við nemendur af öllum þjóðfélagsstigum.	98,9	97,4

Sama staðan er uppi hér. Allir eða nánast allir kennarar eru, að mati skólastjóra, sammála ofangreindum fullyrðingum um mikilvægi þess að forðast kynjamisrétti og mismunun gagnvart fólki af ólíkum þjóðfélagsstigum. Tölurnar hér eru enn þá hærri en varðandi menningarlegan mismun í töflunni þar á undan.

IV. SAMANTEKT: NOKKRAR NIÐURSTÖÐUR TALIS 2018 Á UNGLINGASTIGI KENNARA

KAFLI 1: ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM ALDUR, KYN, MENNTUN OG STARFSVAL

- Hlutfall kvenkennara á unglingsstigi er hér um 73%. Á Norðurlöndum er hlutfallið 66% að meðaltali.
- Meðalaldur kennara á unglingsstigi er þessi, eftir kyni: Konur 46,5 ár; karlar: 45,5 ár. Þetta er svipað og á Norðurlöndum að meðaltali.
- Um 2/3 hlutar kennara á unglingsstigi fóru í hefðbundið kennaranám. Um fimmtungur tók kennsluréttindi eftir nám í faggrein. Fleiri konur fóru í hefðbundið kennaranám.
- Viðfangsefni kennaramenntunar: Innihald og kennslufræði þeirra greina sem viðkomandi kennir, kennsluhættir almennt og kennsla, þegar geta innan nemendahópsins er mismunandi, er sjaldnar hluti af námi kennara á Íslandi en á Norðurlöndum að meðaltali.
- Hærra hlutfall kennara á Íslandi hefur hlotið kennslu í þverfaglegri hæfni (t.d. sköpun, gagnrýninni hugsun, lausnaleit) í samanburði við Norðurlöndin.
- Kennarar hér á landi telja sig „vel“ undirbúna í almennri kennslufræði, einnig um innihald og kennslufræði greinanna sem þeir kenna. Kennarar telja sig hins vegar aðeins „nokkuð vel“ undirbúna til þess að kenna við aðstæður þar sem geta innan kennsluhópsins er mismunandi, bekkjarstjórnun og notkun upplýsinga- og samskiptatækni í kennslu.
- Tækifæri til þess að gera gagn í samfélaginu og hafa áhrif á þroskaferil barna og ungmenna höfðu mest áhrif á kennara við ákvörðun þeirra um að gerast kennari. Lítil áhrif höfðu þau einkenni starfsins, að bjóða upp á samfelldan starfsferil eða tryggja afkomu. Þau atriði höfðu meiri áhrif í OECD og TALIS löndum almennt.
- Á Norðurlöndum er algengara að konur hafi viljað gera kennarastarfið að framtíðarstarfi en karlar.

KAFLI 2: NÚVERANDI STARF, KENNSLUFERILL OG HELSTU VERKÞÆTTIR

- Hlutfall kennara í fullu starfi hér á landi nú virðist svipað því sem var 2008 eða um 82%.
- Árafjöldi við kennslu (í viðkomandi skóla eða í heild) er svipaður hér á landi og á öðrum Norðurlöndum. Íslenskir kennarar hafa auk þess starfað að meðaltali mun lengur en starfsystur þeirra og bræður á Norðurlöndunum við önnur störf tengd uppeldi og menntun eða störf sem tengjast ekki uppeldi og menntun.
- Spurt var hversu mörgum klukkustundum í síðustu viku þátttakandi hefði varið í kennslu. Meðaltalið fyrir Norðurlöndin er 18,9 eða um einni klukkustund skemur en á Íslandi.

KAFLI 3: STARFSÞRÓUN, NÝLIÐAÞJÁLFUN, LEIÐSÖGN

- Starfsþróun: Algengast er að íslenskir kennarar á unglingsstigi hafi tekið þátt í námskeiðum/málstofum þar sem þátttakendur mæta á fundarstað. Meira en helmingur hefur tekið þátt í ráðstefnum um menntamál og vettvangsferðum í aðra skóla. Þessir þættir eru allir umtalsvert algengari hér á landi en á Norðurlöndunum og yfirleitt algengari en í OECD og TALIS-löndum almennt.
- Nýliðaþjálfun: Á Íslandi er algengast að nýliðaþjálfunin fari fram með leiðsögn skólustjóra og/eða reyndra kennara, einnig með kynningu á almennu starfi, stjórnun og skipulagi innan skólans.
- Starfsþróunarverkefni hafa oft snúist um námsmatsaðferðir, þekkingu á námskránni og þekkingu og skilning á aðalkennslugrein.
- Í samanburði við Norðurlöndin er algengara hér á landi að kostnaður vegna starfsþróunar sé greiddur eða endurgreiddur, þ.e. að þátttakandinn þurfi ekki að standa straum af öllum kostnaði.
- Þörf fyrir starfsþróun: Í samanburði við Norðurlöndin þá er þörfin hvað mest varðandi kennslu í fjölmenningslegu umhverfi eða fjöltyngdum nemendahópi, bekkjarstjórnun, námsmatsaðferðum og notkun upplýsinga- og samskiptatækni í kennslu.
- Hindranir á vegi frekari starfsþróunar: Kennarar telja helstu mögulegu hindranirnar felast í því að þjálfunin rekist á við vinnutímann.

KAFLI 4: UM KENNSLUNA ALMENNT, NÝBREYTNIR OG TRÚ Á EIGIN GETU

- Lítil munur er á svörum þátttakenda á Íslandi og á Norðurlöndum við spurningum um hversu opinir samkennarar þeirra eru fyrir breytingum. Kennarar eru almennt „sammála“ þeim fullyrðingum sem eru fram settar og fjalla um vilja þeirra til þess að leita nýrra leiða.
- Íslenskir kennarar hafa meiri trú á sjálfum sér en kollegar þeirra á Norðurlöndum varðandi það að glæða áhuga nemenda sem eru áhugalausir um námið, nota mismunandi námsmatsaðferðir og leggja góð verkefni fyrir nemendur.

KAFLI 5: KENNSLA Í TILTEKNUM KENNSLUHÓPI: HELSTU VERKÞÆTTIR, BEKKJARSTJÓRNUN, NÁMSMAT

- Stærð bekkjar/kennsluhóps er um 20 hér á landi en um 22 á hinum Norðurlöndunum nema Finnlandi, þar sem hann er um 18 nemendur.
- Meiri tími fer í það, hér á landi, að halda aga, í samanburði við Norðurlöndin, og að sama skapi fer minni tími í eiginlega kennslu. Í Noregi fer minnstur tími í að halda aga.
- Íslenskir kennarar eru meira sammála fullyrðingum sem benda til lakari aga í skólastofunni. Um 40% eru sammála þeim fullyrðingum að í upphafi kennslustundar þurfi að bíða nokkuð áður en nemendur gefa hljóð, einnig segjast þeir tapa tölverðum tíma vegna þess að nemendur trufla kennsluna.
- Á Norðurlöndunum nota kennarar oft en á Íslandi þá aðferð að láta nemendur sjálfa meta framfarir sínar. Algengast er þó hér á landi og á hinum Norðurlöndunum að leggja fyrir sitt eigið námsmat.

KAFLI 6. KENNSLA Í FJÖLMENNINGARUMHVERFI

- Að meðaltali á Norðurlöndunum eru tæp 87% kennara að störfum í skólum þar sem sumir nemendur eru með ólíkan menningarlegan bakgrunn eða af mismunandi þjóðerni. Það er mjög svipað hlutfallinu á Íslandi.
- Aðeins um helmingur á Íslandi og á Norðurlöndum telur sig geta sniðið kennsluna að þörfum nemenda með ólíkan menningarlegan bakgrunn.

KAFLI 7. SKÓLABRAGUR OG STARFSÁNÆGJA

- Kennarar eru í heildina sáttir eða mjög sáttir við starfið, þ.á m. frammistöðu sína og skólann. Tiltölulega lágt hlutfall vill skipta um skóla. Um helmingur veltir þó fyrir sér hvort betra hefði verið að velja annað starf og áberandi færri kennarar hér á landi telja að kennarastarfið sé mikils metið í þjóðfélaginu, í samanburði við OECD og TALIS-lönd.
- Ánægja með laun er umtalsvert minni hér á landi en á Norðurlöndunum almennt. Kennarar eru ósammála eða mjög ósammála fullyrðingu um að þeir séu sáttir við launin sem þeir fá fyrir vinnu sína.
- Í forgang: Kennarar hér á landi myndu telja mjög mikilvægt að bæta laun kennara, nánast 90% íslenskra kennara telja það brýnt en um helmingur kennara á Norðurlöndunum vill það. Þar á eftir telja íslenskir kennarar mikilvægt að styðja við nemendur með sérþarfir og nemendur með erfiðan bakgrunn eða af erlendum uppruna.
- Kennarar telja minnsta ástæðu til þess setja fjárfestingu í kennslugögnum (t.d. kennslubókum) í forgang. Í samanburði við Norðurlöndin viljum við frekar styðja við nemendur með erfiðan bakgrunn eða af erlendum uppruna.
- Ferðalög vegna starfsins: Nánast 2/3 hafa farið til útlanda í ferð sem er skipulögð af skólanum þeirra, sveitarfélagi eða skólaskrifstofu. Það er tvöfalt hærra hlutfall en á Norðurlöndunum. Einnig hafa íslenskir kennarar farið oft til útlanda vegna starfsins að eigin frumkvæði.

SKÓLASTJÓRAR Á UNGLINGASTIGI:

KAFLI 8. ALMENNAR UPPLÝSINGAR: ALDUR, KYN, MENNTUN OG STARFSREYNSLA

- Hér á landi er hæsta hlutfall kvenskólastjóra á Norðurlöndunum eða 60,4%. Á síðasta áratug hefur hlutfall kvenskólastjóra hækkað um 11 prósentustig.
- Meðalaldur skólastjóra hér á landi er tæp 52 ár, áþekkt meðaltali Norðurlandanna sem er um 51 ár.
- Um 70% skólastjóra eru í fullu starfi án kennsluskyldu, svipað og á Norðurlöndum.

KAFLI 9. STARFSÞRÓUN: ÞÖRF OG HINDRANIR

- Hærra hlutfall skólastjóra á Íslandi hefur sótt námskeið um faggreinar, kennsluaðferðir eða uppeldisfræðileg viðfangsefni en á Norðurlöndunum í heild. Þetta á einnig við um málstofur/námskeið þar sem þátttakendur mæta á fundarstað, ráðstefnur um menntamál og jafningjaþjálfun eða sjálfskoðun með formlegu fyrirkomulagi.
- Þörf skólastjóra fyrir starfsþróun hér á landi er meiri en á Norðurlöndunum á ýmsum sviðum, þ.á m. varðandi það að fylgjast með kennslu í kennslustofunni.
- Hindranir: Einkum sjá skólastjórar mögulegar hindranir á leið til frekari starfsþróunar í því að þjálfun geti rekist á við vinnutíma en almennt eru hindranir ekki metnar miklar.

KAFLI 10. ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM SKÓLANN OG SKÓLAFORYSTA

- Meðalfjöldi kennara á Íslandi í hverjum skóla er um 30 sem er mjög svipað Norðurlöndunum.
- Frá TALIS 2013 hefur kennurum og öðru starfsfólki við skólana fjölgað nokkuð.

- Fjöldi nemenda: Að meðaltali eru 286,8 nemendur við nám í skólum sem kenna á unglíngastigi. Talan rúmar alla nemendur við þessa skóla, þ.e. fjölda nemenda í öllum bekkjum og aldurshópum.
- Nokkru minni tími virðist fara í stjórnsýsluverkefni hjá skólastjórum á Íslandi í samanburði við skólastjóra á Norðurlöndunum. Að sama skapi er tími sem fer í samskipti við nemendur aðeins meiri hér á landi.
- Tíminn sem fer í stjórnsýsluverkefni hefur aukist nánast í öllum þátttökulöndum TALIS, hér á landi um 5,3 prósentustig frá 2013.

KAFLI 11. SKÓLABRAGUR

- Íslenskir kennarar eru, að mati skólastjóra, jákvæðir gagnvart innleiðingu nýjunga.
- Á heildina litið telja íslenskir skólastjórar ekki að mörg atriði geti komið í veg fyrir að skólinn veiti vandaða fræðslu, í samanburði við skólastjóra á Norðurlöndunum. Þeir telja þó að of lítil tími sé til þess að veita kennslufræðilega forystu.
- Ógnanir eða svívirðingar gagnvart starfsfólki eru sjaldgæfari hér á landi en á Norðurlöndunum.

KAFLI 12. NÝLIÐAÞJÁLFUN OG LEIÐSÖGN

- Á Íslandi er minna um formlega nýliðaþjálfun en á Norðurlöndum almennt. Hins vegar er óformleg tilsögn og aðstoð í hærra lagi hér miðað við hin löndin.
- Í um helmingi íslenskra skóla á unglíngastigi er nýliðaþjálfun veitt öllum nýjum kennurum en í tæplega helmingi skólanna fá aðeins kennarar sem eru að hefja sinn kennsluferil slíka þjálfun.
- Í samanburði við TALIS 2013 er nú meiri áhersla á námskeið/málstofur hér á landi en var þá. Einnig er meira núna um nýliðaþjálfun í formi skipulagðra funda með skólastjóra eða reyndum kennurum og samkennslu með reyndum kennurum.

KAFLI 13. KENNSLA Í FJÖLMENNINGARUMHVERFI

- Spurt var um stefnur og starfshætti viðvíkjandi fjölbreytileika nemenda. Á Íslandi og á Norðurlöndum eru um 90% skóla með nemendur af fleiri en einu menningar- eða þjóðarbroti.



MENNTAMÁLASTOFNUN